

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM



# SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 21.–22. NÓVEMBER

2013



[www.sjavarutvegsradstefnan.is](http://www.sjavarutvegsradstefnan.is)



## Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

## Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

## Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kýs 6 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

## Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

## Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Á vef félagsins sem er [www.sjavarutvegsradstefnan.is](http://www.sjavarutvegsradstefnan.is) gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistökin á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins. Á vefnum verður jafnframt hægt að sækja dagskrá og skrá sig á ráðstefnuna. Á vefsíðu félagsins verður einnig hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.

## Stjórn félagsins

Inga Jóna Friðgeirsdóttir, formaður  
Anna Kristín Daníelsdóttir  
Erla Kristinsdóttir  
Gísli Gíslason  
Grímur Valdimarsson  
Lúðvík Börkur Jónsson

Útgefandi: Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Hönnun og uppsetning: Oddi ehf.

Umsjón með útgáfu: Valdimar Ingi Gunnarsson

Skráning og móttaka: RS Ferðalausnir slf.

Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Upplag: 500 eintök



# SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 21.–22. NÓVEMBER 2013

## EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns .....	4
Dagskrá.....	8
Framúrstefnuhugmynd 2013 .....	14
Útdrættir erinda .....	18
Framúrstefnuhugmynd 2012 .....	40
Framúrstefnuhugmynd 2011 .....	41
Sjávarútvegsráðstefnan 2012.....	42
Sjávarútvegsráðstefnan 2011.....	44
Sjávarútvegsráðstefnan 2010.....	46



# Landsbankinn er sjávarútvegsbankinn

Landsbankinn er stærsti sjávarútvegsbankinn á Íslandi og markaðshlutdeild hans í útlánnum til sjávarútvegsins er um 40%. Þessi undirstöðugrein hefur í áratugi verið mikilvægasti viðskiptavinur Landsbankans sem sjá má m.a. af því að vægi lána til fyrirtækja í sjávarútvegi er rúmlega fimmtungur af lánasafni bankans. Mikilvægi hans í öflun gjaldeyristekna bankans er hins vegar mun meira. Sjávarútvegurinn stendur að baki 55% vaxtatekna bankans í erlendri mynt og lán til sjávarútvegs eru 60% af útlánasafni bankans í þeim sömu myntum.

Haukur Ómarsson, forstöðumaður á fyrirtækjasviði segir að íslenskur sjávarútvegur þurfi að geta staðið af sér sveiflur í helstu viðskiptalöndum. Hann verði því að eiga öfluga bakhjarla í íslenskum fjármála-fyrirtækjum sem stutt geta við metnaðarfull fyrirtæki sem vilja hasla sér völl annarsstaðar en á Íslandi. „Íslenskir bankar verða einnig að hafa þann styrk, þá þekkingu og þá fjárhagsgetu sem þarf til að lána útflutningsfyrirtækjum í erlendri mynt. Þennan styrk hefur Landsbankinn,“ segir Haukur.

Haukur lýkur lofsorði á sjávarútvegsráðstefnuna og segir hana mikilvæga fyrir alla sem greininni tengjast. „Við teljum að vettvangur eins og þessi geti skilað árangri, byggt upp sambönd, styrkt þau sem fyrir eru og kveikt nýjar hugmyndir. Það er á þessum

forsendum sem bankinn tekur þátt og styrkir ráðstefnuhaldið á þessu ári.“

## Nýjungar í þjónustu

Nýverið undirrituðu Landsbankinn og franska tryggingafélagið Coface samstarfssamning um miðlun á greiðslufallstryggingum til viðskiptavina Landsbankans. Coface er leiðandi franskt tryggingarfélag með starfsstöðvar í 66 löndum. Samskipti Landsbankans við Coface fara í gegnum starfsstöð félagsins í Danmörku. Sigurður Rafn Arinbjörnsson sérfræðingur í kröfufjármögnun á Fyrirtækjasviði Landsbankans segir að greiðslufallstrygging geti verið skynsamlegur kostur í ábyrgum reikningsviðskiptum í útflutningi enda markmiðið að tryggja kröfuhafa gegn greiðslufalli greiðanda, t.d. vegna gjaldþrots eða greiðslustöðvunar. Jafnframt geti kröfuhafi með auðveldum hætti fengið greiðsluhæfismat og greiðslufallstryggingu í gegnum netgátt Coface áður en reikningsviðskipti fara fram.

Sigurður segir að Landsbankinn geti nú í samstarfi við Coface veitt fjármögnun á erlendar viðskiptakröfur og slík fjármögnun sé hentug lausn fyrir fyrirtæki sem eru með fé bundið í erlendum viðskiptakröfum. „Kröfuhafi/kröfuútgafandi fær lánað út á kröfusafn sitt með fjármögnun sem er tryggð gegn greiðslufalli og getur því losað um fjárbindingu í viðskiptakröfum.





Sjávarútvegsteymi Landsbankans.

Erlend kröfufjármögnun sem oft gengur undir nafninu „Factoring“ er vel þekkt meðal útflytjenda en hefur ekki boðist viðskiptavinum Landsbankans með formlegum hætti hingað til. Þetta er mjög góð viðbót við þær rekstrarfjármögnunarleiðir sem standa fyrirtækjum til boða í Landsbankanum og með samstarfinu við Coface opnast nýjar leiðir í fjármögnun á viðskiptakröfum með takmarkaðri áhættu fyrir kröfuhafa.“

### **Þekking og hæfni**

Landsbankinn hefur á að skipa hópi sérhæfðs starfsfólks sem annast viðskiptaumsjón í sjávarútvegi. Árni Þór Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs segir þekkingu og reynslu starfsmanna skipta sköpum. „Við þekkjum það af löngum og farsælum samskiptum við fyrirtæki í sjávarútveginum að stöðugleiki og traust viðskiptasamband til lengri tíma er undirstaða farsældar í rekstri. Landsbankinn hefur einsett sér að vera viðskiptavinum sínum traustur samherji í fjármálum og það þýðir að gagnkvæmir hagsmunir eru í öndvegi“

### **Saman til framtíðar**

Árni segir markmið Landsbankans með samvinnu við sjávarútveginn liggja í augum uppi. „Það er einlægur ásetningur að leggja okkar afmörkum til að tryggja greinina í sessi sem eina þá bestu í heiminum, jafnt í

---

*„Landsbankinn hefur einsett sér að vera viðskiptavinum sínum traustur samherji í fjármálum og það þýðir að gagnkvæmir hagsmunir eru í öndvegi.“*

---

veiðum, vinnslu og markaðssetningu. Sjávarútvegur á Íslandi á enn fjölmörg tækifæri til að auka verðmæti aflu, þrátt fyrir að þeim tonnum sem dregin eru úr sjó fjölgi ekki. Meiri samvinna og aukin áhersla á verðmætasköpun mun að öllu óbreyttu skila þessum markmiðum í hús, t.d. með aðferðum klasastjórnunar eins og beitt hefur verið í Sjávarklasanum. Til þess að þetta háleita markmið náist þurfa þó margir þættir að koma til, t.d. fjárfesting í skipum, tækjum og tækni og meira og samhentara markaðsstarf. Vöruþróun og stöðug virðisaukning, hátt tæknistig og kröftug nýsköpun, traust umhverfi, stöðugleiki, traust fjármögnun, fyrirbyggja í rekstri og síðast en ekki síst; sterk tengsl við öflugan banka. Þetta eru allt saman nauðsynlegir þættir ef byggja á ofan á núverandi velgengni,“ segir Árni Þór Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs Landsbankans.

## Formáli

Nú þegar Sjávarútvegsráðstefnan er haldin í fjórða sinn má með sanni segja að hún hafi fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur fyrir greinina. Að þessu sinni verður fjallað um ýmis áhugaverð málefni sem tengjast framþróun í sjávarútvegi. Sameiginleg markaðssetning hefur verið í brennidepli og verður m.a. fjallað um hvernig samstarf um markaðssetningu á saltfiski hefur gengið og fróðlegt er að skoða hvernig slíkt samstarf gæti orðið fyrir aðrar íslenskar sjávarafurðir. Hvers vegna er ekki íslenskur fiskur jafn nátengdur landinu í huga fólks og t.d. nautakjöt frá Argentínu? Hér skiptir tenging við upprunann miklu máli.



Æ harðari samkeppni frá eldisfiski og aukinn þorskaflí kallar á að við vöndum okkur vel í þessum efnum og að við sem þjóð mótum okkur stefnu í sjávarútvegsmálum. Vonandi tekst nú að skapa umgjörð fyrir greinina af hálfu stjórnvalda þannig að grundvöllur skapist til að vinna slíka stefnu til lengri tíma. Sátt þarf að nást um sjávarútveginn þannig að við getum horft fram á veginn og einbeitt okkur að því að auka þau verðmæti sem greinin skapar. Inn í stefnumótunina þarf að taka þann mikilvæga vaxtabrodd sem felst í þeim fyrirtækjum sem mynda svokallaðan sjávarklasa. Ýmis þjónustu-, tækni- og fullvinnslufyrirtæki hafa á undanförunum árum vaxið verulega í náinni samvinnu við hefðbundin íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og eru óðum að hasla sér völl á erlendum mörkuðum.

Ef það forskot sem Íslendingar hafa í sjávarútvegi á að haldast og vaxa verður að efla rannsóknir í greininni sérstaklega hvað varðar líftækni. Þessar rannsóknir eru óðum að bera ávöxt í ýmiss konar nýjum afurðum sem byggja á því einstaka hráefni sem íslenskt sjávarfang er. Vinnslutækni hefur einnig verið í brennidepli og framfarir í vinnslu uppsjávarafla er einkar áhugaverð. Skilvirkar stofnanir og eftirlitsumhverfi er mikilvægur þáttur í samkeppnishæfni þjóða. Á ráðstefnunni verður sérstaklega fjallað um þennan þátt út frá sjónarhóli greinarinnar en erfitt getur reynst að feta hinn gullna meðalveg í þessum efnum.

Ein af þeim grunnforsendum sem liggja að baki því að Íslendingar hafa náð forskoti í verðmætaaukningu í sjávarútvegi er samþætting veiða og vinnslu. En virðisikeðjan nær lengra. Flutningar á erlenda markaði skipta miklu máli í að upplifun kaupenda vörunnar verði sem ánægjulegust. Varan þegar viðskiptavinurinn fær hana í hendur þarf að uppfylla hans kröfur um útlit, gæði og heilnæmi.

Á undanförunum vikum og misserum hefur verið tekist á við nágretta okkar í Atlantshafinu um skiptingu svokallaðra deilistofna, sérstaklega makríllinn sem ekki hefur enn náðst að semja um. Mikilvægt er að átta sig á því hvaða alþjóðlegar leikreglur gilda í þessum efnum og á hvaða grunni við getum samið um nýtingu þeirra. Allt er í heimnum hverfullt og á það sannarlega við um fiskistofna við Ísland en þær miklu umhverfsbreytingar sem nú eiga sér stað geta haft veruleg áhrif á hvaða sjávarfang við komum til með að nýta í framtíðinni. Lífríkið í sjónum virðist enn vera uppspretta átaka og á þetta sérstaklega við um hvalveiðar og nábylið við hina ört vaxandi ferðaþjónustu. Sérstaklega verður fjallað um hvernig þessar tvær greinar geti starfað saman í framtíðinni.

Ég hef hér stiklað á stóru um þau fjölmörgu álitæfni sem verða krufin til mergjar á þessari ráðstefnu. Það er ekki síður mikilvægt að þeir sem starfa í sjávarútvegi hafi vettvang til að hittast og bera saman bækur sínar utan málstofanna. Ég þakka stjórnarmönnum, Valdmari I. Gunnarssyni og öðru starfsfólki fyrir ánægjulegt og gott samstarf við undirbúning sjávarútvegsráðstefnunnar. Jafnframt vil ég þakka styrktaraðilum fyrir þeirra framlag til að gera þessa ráðstefnu að veruleika.

*Inga Jóna Friðgeirsdóttir*  
 formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar



# Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga.

## Hvað þýðir það nákvæmlega?

Í tólfta sinn eru viðskiptavinir TM ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga samkvæmt íslensku ánægjuvöginni 2012. Ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur jafn oft hlotið þennan heiður og það þökkum við góðu og traustu sambandi við viðskiptavini okkar.

Frá árinu 2005 hafa margir viðskiptavinir TM, sem lentu í tjóni, deilt með okkur hvernig þeir upplifðu úrlausn sinna mála. Svörin sýna ekki aðeins að það skiptir miklu máli hvar þú tryggir, heldur líka af hverju.

**Í fyrsta lagi** er ráðgjöfin sem þú færð þegar þú kaupir tryggingar lykilatriði. Með réttu ráðgjöf veistu hvað þú þarft að tryggja og lendir síður í því að verða fyrir tjóni sem tryggingarnar ná ekki yfir.




*Í dag var venjulegur dagur.*

**Í öðru lagi** er það hagur allra þegar tjónamál koma upp að úr þeim sé leyst fljótt og vel. Því fyrr sem lífið kemst í samt horf, því betra fyrir alla og því skipta góð viðbrögð öllu máli.

Á **afhverju.tm.is** getur þú séð fjölda umsagna viðskiptavina sem lent hafa í tjóni og notið þjónustu TM.

**Í þriðja lagi** getur skipt miklu hvernig brugðist er við tjóninu sjálfu. Ef fyrirtæki lendir til dæmis í bruna er mikilvægt að komast hjá því að reksturinn stöðvist. Þá skiptir afgreiðsla og aðkoma tryggingafélagsins miklu máli.



Á síðustu 14 árum hefur TM verið 12 sinnum með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.

Það er stefna TM að byggja langtíma-samband við okkar viðskiptavini með traustu og öflugum samstarfi.

**Ef eitthvað kemur fyrir, þá viltu vera hjá TM.**







- BLÁ LEIÐ
- GUL LEIÐ
- RAUÐ LEIÐ
- GRÆN LEIÐ
- ORANGE LEIÐ
- LEIÐIR SAMSTARFSABILA
- ↔ FOR- OG ÁFRAMFLUTNINGAR
- ⋯ MÖGULEG VIÐKOMA / ÁRSTÍÐABUNDNAR SIGLINGAR
- STÓRTENGIHÖFN
- TENGIHÖFN
- VIÐKOMUR



# ÚR ÞÍNU NETI Í OKKAR NET

- nýtt leiðakerfi Eimskips er sniðið að þörfum sjávarútvegsins

○ Vikulegar strandsiglingar með beinni tengingu við Færeyjar, Bretland og meginland Evrópu.

○ Aukin þjónusta við olíuiðnaðinn með siglingum til og frá Skotlandi

Sigt með ferskan fisk vikulega frá Íslandi og Færeyjum





Tíðari ferðir og styttri siglingartími til og frá Bandaríkjunum.

Ný höfn í Bandaríkjunum, Portland, Maine

Möguleg viðkoma á Ísafirði og Akureyri á leiðinni frá Noregi



Ný viðkoma í Vágur í Færeyjum og Hamborg í Þýskalandi

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagurinn 21. nóvember

09:00 Afhending gagna

### Íslenskur sjávarútvegur

Fundarstjóri: *Inga Jóna Friðgeirsdóttir*

10:00 **Setning**, *Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands*

10.15 **Ávarp sjávarútvegsráðherra**, *Sigurður Ingi Jóhannsson*

10:30 **Hefur verðmæti afla aukist? Framboð, framleiðsla og sala íslenskra sjávarafurða, horfur 2014 og heimsframboð sjávarfangs**, *Kristján Hjaltason*

10:50 **Stefnumótun í íslenskum sjávarútvegi**, *Pór Sigfússon*

11:10 **Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi**, *Magnús Bjarnason*

11:30 **Afhending framúrstefnuverðlauna**, *Hjálmar Sigurþórsson*

11:40 Umræður

### Matur 12:00-13:00

#### Málstofa A1

##### Gullteigur

#### Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?

Málstofustjóri: *Sigurgeir Þorgeirsson*

13:00 Yfirlit yfir helstu stofnarnir sjávarútvegs og fiskeldis, *Hreiðar Þór Valtýsson*

13:20 Leiðbeinandinn, *Guðmundur Smári Guðmundsson*

13:40 Stoðkerfi sjávarútvegs út frá sjónarhóli smábátaeigenda, *Örn Pálsson*

13:50 Stoðkerfi sjávarútvegs út frá sjónarhóli frumkvöðla, *Davíð Freyr Jónsson*

14:00 Stoðkerfi sjávarútvegsins – Eftirlitsstarfsemin, *Pétur Reimarsson*

14:20 Umræður

#### Málstofa B1

##### Hvammur

#### Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?

Málstofustjóri: *Hólmfríður Sveinsdóttir*

13:00 Hvað er að gerast í heiminum – Hvað getum við af þeim lært? *Hörður Kristinsson*

13:20 Saga Zymetech - frá rannsóknum til afurða á markaði, *Ágústa Guðmundsdóttir*

13:40 Líftækni afurðir úr þörungum, *Rósa Jónsdóttir*

14:00 Lýsisafurðaiðnaðurinn, *Baldur Hjaltason*

14:20 Umræður

### Kaffi: 14:45-15:15

#### Málstofa A2

##### Gullteigur

#### Flutningur á ferskum fiski

Málstofustjóri: *Bylgja Hauksdóttir*

15:15 Leiðir til bættrar hitastýringar við sjó- og flugflutning á ferskum fiski, *Björn Margeirsson*

15:35 Leiðarkerfi í flugi skapar einstakt tækifæri fyrir íslenskan ferskan fisk, *Gunnar Már Sigurfinnsson*

15:55 Ferskur fiskur og flutningaþróun, *Brynjar Viggósson*

16:15 Logistic viewpoint from the buyer's side, *Andrei Kouznetsov*

16:35 Umræður

#### Málstofa B2

##### Hvammur

#### Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar?

Málstofustjóri: *Helga Sigurrós Valgeirsdóttir*

15:15 Hvalveiðar, átök og stjórnsýslan, *Halldór Ásgrímsson*

15:35 Nýlegar breytingar á útbreiðslu og stofnstærðum hvala við Ísland, *Gísli Víkingsson*

15:55 Sjónarmið hvalskoðunarfyriertækja, *Rannveig Grétarsdóttir*

16:15 Áhrif hrefnuveiða á hvalaskoðun og almennt á ferðaþjónustuna á Íslandi, *Gunnar Bergmann Jónsson*

16:35 Umræður

### 17:00-19:00 Móttaka í boði Landsbankans

## Föstudagurinn 22. nóvember

### Málstofa A3

#### Gullteigur

#### Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska

Málstofustjóri: *Einar K. Guðfinnsson*

- 09:00 Heimsframboð, *Lúðvík Börkur Jónsson*
- 09:15 Barentshafsþorskur, *Sturlaugur Haraldsson*
- 09:30 Alaska ufsi, *Magnús Gústafsson*
- 09:45 Tilapia, *Steindór Sigurgeirsson*
- 10:00 Umræður

### Málstofa B3

#### Hvammur

#### Deilistofnar = Deilustofnar?

Málstofustjóri: *Kolbeinn Árnason*

- 09:00 Sveiflur og breyttar göngur deilistofna í norðaustanverðu Atlantshafi, *Jóhann Sigurjónsson*
- 09:15 Yfirlit yfir núverandi samninga deilistofna og þar sem ekki eru samningar, *Kristján Freyr Helgason*
- 09:30 Allocation of shared and straddling stocks. Experiences from the North East Atlantic, *Kjartan Hoydal*
- 09:45 Núverandi staða og framtíðarsýn um leiðir að samkomulagi um nýtingu stofna, *Helgi Áss Grétarsson*
- 10:00 Umræður

**Kaffi 10:30-11:00**

### Málstofa A4

#### Gullteigur

#### Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar?

Málstofustjóri: *Jónas R. Viðarsson*

- 11:00 Umhverfismerki, kröfur í hverfulum heimi, *Gísli Gíslason*
- 11:20 Ábyrgar fiskveiðar, *Guðný Káradóttir*
- 11:40 Reynsla Sæmarks af markaði, *Svavar Þór Guðmundsson*
- 11:50 Að hafa góða sögu að segja, *Gunnlaugur Sighvatsson*
- 12:00 Umræður

### Málstofa B4

#### Hvammur

#### Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?

Málstofustjóri: *Sjöfn Sigurgísladóttir*

- 11:00 Skyldur og heimildir til að takmarka viðskipti með gallaðar vörur, *Jón Gíslason*
- 11:20 Orðsporsáhætta: Erfðafræði, skolprör og Meryl Streep, *Sveinn Margeirsson*
- 11:40 Blekkingar og svindl - hverra hagar? *Garðar Sverrisson*
- 12:00 Alþjóðlegir gagnagrunnar, *Grímur Valdimarsson*
- 12:10 Umræður

**Kaffi 12:30-13:00**

### Málstofa A5

#### Gullteigur

#### Sameiginlegt markaðsstarf

Málstofustjóri: *Erla Kristinsdóttir*

- 13:00 Sameiginlegt markaðsstarf saltfiskframleiðenda, *Skjöldur Pálmason*
- 13:15 Vitund og ímynd íslensks saltfisks á Spáni. Niðurstöður meistaraverkefnis, *Kristinn Arnarson*
- 13:30 Á sömu bókina lært - Samanburður við aðrar greinar, *Eggert Benedikt Guðmundsson*
- 13:50 Alaska Seafood Marketing, why branding matters, *Tyson Fick*
- 14:10 Umræður
- 14:30 Ráðstefnuslit

### Málstofa B5

#### Hvammur

#### Þróun í vinnslutækni

Málstofustjóri: *Sigurjón Arason*

- 13:00 Þróun í uppsjávarvinnslu á Íslandi, *Sindri Sigurðsson*
- 13:15 Vinnslutækni bolfisks, *Torfi Þorsteinsson*
- 13:30 Sjálfvirkni í vinnslu á ferskum bolfiski, *Helgi Hjálmarsson*
- 13:45 Fiskvinnsla framtíðar – Nýting, hráefnismeðhöndlun og sjálfvirkni, *Kristján Hallvarsson*
- 14:00 Umræður
- 14:30 Ráðstefnuslit

**14:45 Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.**

Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2014 o.fl.





Orðið stígvél á rætur að rekja til ítalska orðsins stivale, sem þýðir sumarskór.

Auðvitað.



Íslenskir bændur nota tæplega

**1,6 milljónir**

hektara af landi undir landbúnaðarstarfsemi. Það eru 15% af stærð Íslands.

Atvinnulíf. Gangverk sem eykur lífsgæði. Íslenskt atvinnulíf treystir á þéttriðri þjónustunet N1 með eldsneyti, rekstrarvörur og önnur aðföng. N1 veitir íslenskum fyrirtækjum orku til góðra verka - því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.



Fjöldi starfsmanna N1:

820

Það gerir einn starfsmann á hverja 392 Íslendinga.



1971:

Byrjað að selja bílatengdar vörur á bensínstöðvum. Sama ár var Landssamband hjálparsevita skáta stofnað.

# Hluti af atvinnulífi



Kaffipása á vinnustað varir að meðaltali

13,5 mínútur.



Daglega sinnir N1 að meðaltali

6

dælingum á skip og togara.

Allur flugvélafloti Icelandair gengur fyrir eldsneyti frá N1.



18

Það eru alls 18 flugvélar.

672.800

erlendir ferðamenn heimsóttu Ísland í fyrra.



Um fjórðungur þeirra naut þjónustu N1.

1982:

Bygging hófst á þjónustustöðvum eins og við þekkjum þær í dag. Sama ár voru þrjú almyrkvar á tungli, en það mun ekki gerast aftur fyrr en árið 2485.

Tonn af þorski veidd við Íslandsstrendur árið 2012:



177.000

Kílóíð af þorski á LE BERNARDIN í New York kostar:

116.000 kr. / \$ 954

Bið eftir borði: 10 – 40 dagar. (Frægir: 0 dagar).



Þjónustustöðvar N1 eru með

Kerruleigu

Komum af stað!





# „Fresh treats from the Atlantic Ocean“



Sæmark sérhæfir sig í verslun með fullunnar fiskafurðir í hæsta gæðaflokki og er einn stærsti útflytjandi landsins á ferskum fiski. Sæmark hefur byggt upp sterk viðskiptatengsl við framleiðendur í íslenskum sjávarútvegi og erlenda kaupendur á hágæða fiskafurðum. Þessi viðskiptatengsl ásamt öflugum flutningsneti gera Sæmarki kleift að flytja ferskan fisk daglega til viðskiptavina beggja vegna Atlantshafsins.



SÆMARK




# Svifaldan 2013

## Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar

### Grand Hótel, 21–22. nóvember 2013

„Svifaldan“ verðlaunagripurinn fyrir Framúrstefnuhugmynd SÚR verður veittur nú í þriðja sinn, en markmiðið er að efla umræður og hvetja nýja hugsun með framsæknum og frumlegum hugmyndum. Í ár bárust 16 hugmyndir sem gróflega má skipta í áherslusvið eins og myndin sýnir. Hugmyndirnar spönnuðu nýsköpun fyrir alla virðiskeðjuna og fjölluðu um tækni til að efla sjálfbærri veiðar, vöruþróun og notkun vefsins við upplýsingamiðlun um íslenskar afurðir. Hér á eftir er gert stuttlega grein fyrir nokkrum af þeim hugmyndum sem koma til greina við val á framúrstefnuhugmynd.



Mynd 1 Skipting áherslusviða framúrstefnuhugmynda 2013

## Ný tækni við veiðar og upplýsingatækni

### Fiskislóðin - Vöktun á fiskigöngum um gervitungl nýtt við fiskveiðar

Ör framþróun hefur orðið í framleiðslu gervitunglamerkjá, þau eru orðin mun smærri og því mögulegt að merkja fleiri tegundir fiska en áður. Hagræðingin af því að fá upplýsingar um fiskigöngur “í beinni” yrði mest við veiðar á mikilvægum nytjafiskum sem nýta víðfeðm hafsvæði þar sem fiskarnir eru af þeim stærðum sem geta borið merkin svo sem þorskur, ufsi og grálúða. Þegar gervitunglamerkin hafa smækkað nægilega liggur fyrir að við getum nýtt vöktun af þessu tagi til að fylgjast með ferðum makrils og síldar með miklum ávinningi. Eðlilegt er að Íslendingar skoði mögulega vöktun með þessum hætti innan alþjóðlegra hafsvæða sem okkur varða. Slíkt er vænlegur kostur ef Íslendingar vilja sækja ný og hagnýt gögn um fiska sem dvelja á þeim svæðum enda í hendi að dýrmætar upplýsingar myndu fást um útbreiðslu og atferli fiskanna sem ekki verður aflað með öðrum hætti.

Tengiliður: Jóhannes Sturlaugsson

### Marsýn, upplýsingakerfi fyrir sæfarendur

Þörf fyrir réttar upplýsingar um ástand sjávar hefur farið stigvaxandi með auknum kostnaði við útgerð og umferð á sjó. Hver klukkustund sem fer í að leita að fisk eða réttum aðstæðum til togveiða kostar háar upphæðir. Vaxandi fjöldi

skipstjóra nýtir sér upplýsingar frá gervihnöttum. Þessar upplýsingar lýsa þó aðeins yfirborði sjávar auk þess sem þær innihalda ekki upplýsingar um ölduhæð eða strauma. Spár sem fela í sér upplýsingar um ölduhæð, staðsetningu hita-skila, lagskiptingu og strauma geta haft mikil áhrif á áætlanir skipstjóra og bæði flýtt fyrir og sparað tíma/olíu með því að auðvelda val á veiðislóð þar sem skilyrði eru rétt fyrir tilhugaðar veiðar.

Til að mæta þessari þörf er unnið að því að þróa og markaðssetja upplýsingakerfi fyrir sæfarendur sem spár fyrir um ástand sjávar, svo sem ölduhæð, hitastig, strauma, lagskiptingu og útbreiðslu fiskstofna. Þjónustan, sem verður markaðssett af fyrirtækinu Marsýn ehf. byggir á langtíma rannsóknum og þróunarvinnu (10 ár) og samstarfi fimm háskóla og stofnana sem og fjögurra fiskveiðifyrirtækja. Fyrstu spár hafa litið dagsins ljós og er spá um hita, seltu og strauma uppfærð á sjálfvirkann hátt á [www.marice.is/code/marsyn](http://www.marice.is/code/marsyn).

Tengiliður: Guðrún Marteinsdóttir

### Fiskvali

Fiskvalinn skannar inn og sorterar óæskilegan fisk úr trolli á veiðidýpi, þannig sleppur fiskurinn lifandi og verður geymdur í hafinu þar til hann vex upp í æskilega veiðistærð. Helstu markmið og kostir búnaðarins er lýst á eftirfarandi hátt:

- Við ætlum, í normal togi, að ná því að geta sorterað 75% af undirmálfiskum út úr trollinu. Slík forsenda hentar afar vel við kröfur til sjómanna og lokun svæða, að 25% af þorskafla fari ekki undir 55 cm. Svipað markmið eru gerðar til ýsu, þar sem 30% má vera undirmáls.
- Búnaðurinn getur nýst vel þar sem nokkuð er af smáfisk, þar sem ætlunin er að halda smáfisk innan við 25% mörkin af þorskaflanum, 30% af ýsu.
- Ákvörðunartaka skipstjórnenda útfrá veiðinni (tegunnum og stærðum) getur legið fyrir fáeinum mínútum eftir að búnaðurinn kemur upp, sem flýtir fyrir ákvörðun skipstjóra hvort eigi að láta trollið fara á sama staðnum eða fær sig um set.
- Fækkun smáfisks í togi dregur úr stími fiskiskipa milli svæða sem dregur úr orkunotkun.
- Gefum útgerðum kost á að nýta betur kvótann, aflar verðmeiri fisks.
- Búnaðurinn sér til þess að sleppa fiskinum á sínu eigin dýpi, sem eykur líkurnar á að hann lifi og verður þar með geymdur í hafinu.
- Stuðlar að aukinni sjálfbærni veiða og lagar stórlega ímynd trollsins.
- Veiði á svipaðri stærð af fisk gefur betri nýtingu fiskvinnsluvéla.
- Búnaðurinn er staðsettur við “cod end” hann þarf ekki að taka úr trollinu meðan híft er og látið fara.
- Trollið takmarkar að einhverju leyti hreyfingu búnaðarins á dekki (eykur öryggi).



- Botntrollið hefur gegnum marga áratugi lítið þróast, þá einna helst með notkun léttari tógs, með tilkomu fiskvalans, þá tekur trollið framförum um umhverfisvænlegri útbúnað.
- Sparar vinnslutíma, þar sem ekki þarf að gera að undirmálsfiski.

Tengiliður: Sigmar Guðbjörnsson

## Snjallgildra

Tilraun til að safna saman í eitt veiðarfæri þeim atriðum sem menn eru almennt sammála um að skipti máli til að ná árangri við gildruveiðar með agni.

Þessi atriði eru. 1) Stórar gildur veiða betur en litlar. 2) Meira en 90% af fiski reynir að fara inn í gildir hlémegin við straum. 3) Þorskur leitar uppá við þegar hann finnur ekki aðra leið. 4) Krabbadýr og fiskar laðast að ljósi. Ljós gefur fiskum tækifæri til fæðuleitar í myrkri en bráðin leitar líka stundum í ljós. 5) Fiskur getur lært fljótt samhengi á milli áreitis (ljós eða hljóð) og von um fæðu, en hann bregst líka vel við þegar aðrir fiskar sína atferli sem bendir til ávinnings um fæðu. 6) Gildran verður að vera handhæg og fyrirferðarlítill á dekki og auðveld í sjósetningu og í vitjun.

Væntanlegur afrakstur verkefnisins og áhrif til góðs fyrir ímynd íslenskra afurða er lýst á eftirfarandi hátt: Það blasir við að í dag geta flestar útgerðir náð öllum sínum þorskkvóta innan kvótaársins. Hinsvegar hafa kröfur aukist hvað varðar gæði og að afurðir séu vistvænar. Olúkostnaður er hár og getur hæglega hækkað enn frekar. Kjörhæfni veiðarfæra sem notuð eru í dag er í flestum tilfellum lítil. Línuveiðar nota mikið af innfluttri beitu og veiðarfærið er með lélega kjörhæfni til stærðavals, enda skyndilokanir tíðar á krókaveiðar. Togveiðar eru orkufrekar og eru oft með lélega kjörhæfni til stærðar og tegunda.

Tengiliður: Haraldur Arnar Einarsson

## Vöruþróun - afurðir

### Individual Packing

IP eru lofttæmdar plastumbúðir fyrir kæld flök og flakabita, sem hægt er að geyma í ískrapablöndu í einangruðu kerri. Hitastigi er þannig haldið stöðugu í -1 °C, bæði við flutning og dreifingu vörunnar á markað þrátt fyrir óstöðugan umhverfishita. Með þráðlausum staðsetningar- og hitanema í vegg kers býður MiND rekjanleikakerfið upp á að fylgjast bæði með staðsetningu og hitastigi í dreifingu. Hægt er að pakka neytendaupplýsingum í lokað hólfi þannig að varan er að fullu merkt á framleiðslustað til dreifingar á smásölumarkaði og veitingahús sem gefur mikil tækifæri á Evrópumarkaði. Með IP væri hægt að lengja líftíma vöru um allt að 3 – 4 daga, sem er grundvallaratriði í þessum viðskiptum og gefur aukna möguleika á flutningi á markaði með skipum í stað flugs.

Kostnaður við þökkun á IP er umtalsvert lægri en kostnaður við frauðplast umbúðir, bæði hvað varðar umbúðirnar sjálfar og eins vinnu við frágang.

Tengiliður: Gunnar Þórðarson

## Íslenska saltbrennslan endurvakin - Eldheit framleiðsla úr þara í verðmætt sælkera- og heilsusalt

Fyrir á öldum brenndu Íslendingar þang og notuðu öskuna sem salt. Þetta var hagkvæmasta leiðin á meðan siglingar voru of dýrar því ekki var hægt að eima sjó vegna votviðris og engar saltnámur til staðar. Japanir voru áður í sömu stöðu, en hafa ekki glatað hefðinni alveg því þeir stunda saltbrennslu í smáum stíl við helgiathafnir og framleiða lúxussalt úr þörungapækli (Amabito No Moshio er selt til matgæðinga um allan heim).

Með því að endurvekja hina fornu saltgerð á hagkvæman hátt væri hægt að skapa sérstöðu á markaði og mörg ný störf. Íslenskt þörungapækilssalt gæti líka vel keppt við hið japanska.

Sögulega og matvælafræðilega væri einstakt afrek að endurskapa íslenska þarasaltið því enginn veit hvernig það bragðast og engin fordæmi eru fyrir því að byggja upp iðnaðarframleiðslu á löngu útdauðri íslenskri matvöru.


Markmið verkefnisins er að nútímavæða fornar aðferðir við nýtingu þara og koma á markað vörulínu af íslensku sælkera- og heilsusalti. Það sem hvetur okkur mest áfram í þessu verkefni er að geta hjálpað fólki sem glímur við steinefnaskort, oft án þess að vita af því.

Tengiliður: Guðni Þór Práandásson og Marie Legatelois

## Markaðir – upplýsingatækni

### Appið WIB-Iceland upplýsir neytendur erlendis hvar þeir geti keypt íslenskar sjávarafurðir í nágranni við sig

Þegar ég er erlendis spyrja útlendingar oft hvar þeir geti keypt fisk frá Íslandi og það er svo til vonlaust að svara því. Appið WIB-Iceland mætir þessari þörf og getur um leið orðið öflugt markaðstæki fyrir íslenskar sjávarafurðir. Neytandinn slær inn upplýsingar um hvar hann býr - land, borg og póstnúmer - og upp kemur nafn á verslun, netverslun, veitingarstað, heimsendingarfyrirtæki eða öðrum stöðum sem selja sjávarafurðir frá Íslandi. Fólk getur þrengt leitina og spurt



Svifaldan, verðlaunagripur framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar.



Dórnafnd Framúrtefnuhugmyndar  
Sjavarútvegráðtefnunnar 2013. Fremri röð frá vinstri:  
Guðrún Ólafsdóttir og Karl Már Einarsson. Aftari röð frá  
vinstri: Páll Gunnar Pálsson, Hjálmar Sigurþórsson og Ásgeir  
Ingvi Jónsson. Á myndina vantar Ásgeir Ásgeirsson.

um ferskan fisk, frystan, saltaðan, þurrkaðan, niðurlagðan,  
reyktan eða aðra afurðaflokka og fær þar nákvæmari  
upplýsingar um hvar slíkar afurðir fást

Mikilvæg kynningarleið verður að láta alla ferðamenn  
sem koma til Íslands fá *WIB-Iceland* appið þegar þeir yfir-  
gefa landið! Það er t.d. hægt að gera í samvinnu við ferðaþjón-  
ustuaðila. Tæplega milljón ferðamanna á ári skilar mörgum  
neytendum erlendis með tímanum.

Útbúa þar vefgátt, þar sem framleiðendur, útflytjendur og  
dreifendur íslenskra sjávarafurða setja inn upplýsingar um

hvar afurðir þeirra eru seldar, en þær þurfa að vera í trúnaði  
og órekjanlegar. Nauðsynlegt er að þróa leitarvél sem finnur  
íslenskar afurðir sem eru í boði hjá ólíkum aðilum. Á næsta  
ári koma í framkvæmd nýjar reglur í Evrópusambandinu  
sem skyldar seljendum að skrá hvar fiskurinn er veiddur og  
hvaðan hann kemur. Þetta er etv. tækifæri til að komast í  
þessar upplýsingar. Og svo geta seljendur einnig sent inn  
upplýsingar um nýjar dreifileiðir með íslenskan fisk. Á Ís-  
landi er næg tæknileg kunnátta til að leysa þessi verkefni. Ís-  
lenskir framleiðendur eru mjög vel tæknivæddir og reynslan  
af t.d. dohop getur nýst vel.

*Tengiliður: Kristján Hjaltason*


## Mat á framúrtefnuhugmyndum – Svifaldan 2013

Framúrtefnulegasta hugmyndin mun hljóta Svifölduna  
sem er verðlaungripur, sem er gefin af TM, en jafnamt verð-  
ur veitt verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa  
að þremur bestu hugmyndunum að mati dórnafndar.  
Öllum þeim sem sendu inn hugmyndir er þakkað fyrir fram-  
takið og vonast er til að kynning hugmynda og umræða verði  
til þess að styðja við ímynd Íslands sem framleiðsluland á  
háæða sjávarafurðum. Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar  
um tillögurnar og höfundu er bent á að hafa samband við  
Valdimar Gunnarsson (netfang: valdimar@sjavarutvegur.is).

### Flæðilínur



### Pökkun



### Vogir



### Innmötun



### Flokkarar



### Hugbúnaður



### YOUR NEXT STEP IN AUTOMATION

Valka hlaut nýsköpunarverðlaunin 2013

 **Valka**

Víkurbær 8  
203 Kópavogur

S: 534 9300  
F: 534 9301

valka@valka.is  
www.valka.is



# LAUSNIN ER HJÁ OKKUR!

*Pmt er með allt til merkinga !*



Nýjustu lausnirnar eru VideoJet kassaprentarar sem spara kostnað við límmiða og prenta beint á kassann.

Pmt framleiðir límmiða fyrir sjávarútveginn og býður uppá mikið úrval af Zebra límmiða-prenturum.

Kynntu þér möguleikana hjá okkur.



*Pmt – allt til merkinga og pökkunar.*



Málstofustjóri:  
Inga Jóna Friðgeirsdóttir

**Ráðstefnusalur:** **Dagur:**  
**Gullteigur** **Fimmtudagur**

**Tímasetning:**  
**10-12**

Í málstofunni verður fjallað um mikilvæg mál er varða sjávarútveginn. Farið verður yfir hvernig framboð af fiski er að þróast og hvernig honum er ráðstafað. Hefur verið mótuð stefna í íslenskum sjávarútvegi og hver er hún? Fjallað verður um íslenskan sjávarútveg í alþjóðlegu samhengi og hvernig stuðla megi að aukinni verðmætasköpun hans og fyrirtækja í sjávarklasnum. Framúrstefnuverðlaunin verða veitt í þriðja sinn sem eru hvatning til nýsköpunar í greininni.



Umsjónarmaður  
málstofu:  
Inga Jóna Friðgeirsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Laugafiskur



Ólafur Ragnar Grímsson  
Forseti Íslands

## Setning Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013



Sigurður Ingi Jóhannsson  
Sjávarútvegsráðherra

### Ávarp sjávarútvegsráðherra,

Fyrir mér er sú staðreynd að sjávarútvegsráðstefnunni var hleypt af stokkunum árið 2010 án nokkurs tilstillis hins opinbera sé skýr sönnun þess hve öflugt fagumhverfið er í kringum sjávarútveginn á Íslandi. Ég vil líka leyfa mér að halda því fram að það sé almennur skilningur á því í þjóðfélaginu hve mikilvægt það öfluga starf er sem miðar að því að auka verðmæti fiskaflans og efla hagkvæmni á öllum sviðum framleiðslunnar með tækniþróun. Oft hefur mátt skilja á hinni opinberu umræðu að „auðlindin“ sé eitthvað sem einfalt sé að ausa af. En svo einfalt er það að sjálfsögðu ekki, hana þarf að nýta á hagkvæman og ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi. Hliðargreinar eins og sjávarfisk, líftækni, fullvinnsla aukaafurða og öflug markaðsstarfsemi skýrir verulegan hluta af þeirri verðmætaaukningu sem veiðar og vinnsla hafa skilað á undanförmum áratugum. Að Íslendingar flytji út þorskhausu til manneldis fyrir 6 milljarða króna á ári segir mikla sögu ekki síst í ljósi þess að víða er fiskhausunum hent sem hverjum öðrum úrgangi. Fiskiðnaður er ennþá afar vanþróaður í mörgum löndum, fiskveiðistjórnun í molum, nýting léleg svo ekki sé minnst á niðurgreiðslur og beina styrki af almannafé. Íslendingar hafa sannarlega verk að vinna úti í hinum stóra heimi við að nýta þá þekkingu og reynslu sem við höfum aflað hér heima öllum til hagsbóta. Ég vil beita mér fyrir því að ungu fólki séu betur kynntir þeir framtíðarmöguleikar sem felast í vísinda- og tæknimenntun sem getur tengst, ekki bara sjávarútvegi og fiskiðnaði, heldur matvælaíðnaðinum almennt. Þá langar mig til þess að minna menn á mikilvægi þess að búa til ný störf sem skapa nægjanleg verðmæti til að standa undir þeim launum og lífsgæðum sem við sættum okkur við – þau tækifæri eru til staðar í sjávarútveginum. Það verður ekki gert nema við séum ávallt í fremstu röð og getum boðið fram vöru og þjónustu í hæsta gæðaflokki. Þar er stöðugt á brattann að sækja því samkeppnin er mikil.

Ég trúir því og treysti að við ofmetnumst ekki af þeim góða árangri sem við höfum náð til þessa heldur höldum áfram að bæta okkur. Jónas Hallgrímsson sagði í kvæði sínu til vísindamannsins Páls Gaimards árið 1839: „Vísindin efla alla dáð, orkuna styrkja, viljann hvesa, vonina glæða, hugann hressa“. Þau orð vil ég gera að lokaorðum mínum hér í dag.





Kristján Hjaltason  
VP Sales and marketing  
Ocean Trawlers Europe

## Hefur verðmæti aflu aukist? Framboð, framleiðsla og sala íslenskra sjávarafurða, horfur 2014 og heimsframboð sjávarfangs

Framboði úr veiðum, eldi, ræktun og innflutningi er lýst, ráðstöfun heildarafla og einstakra tegunda eftir vinnslugreinum greind, og mikilvægustu afurðir og markaðir skoðaðir. Áhersla lögð á þróun síðustu árin og horfur 2014. Heimsframboð sjávarfangs úr veiðum og eldi eftir flokkum og svæðum verður rakið, en Asíulönd gnæfa yfir önnur svæði. Greind verður þróun afurðaverðs fyrir helstu tegundir og skýringar á ólíkri þróun bolfiska og uppsjávarfiska skoðaðar. Á meðan aukin verðmæti eru unnin úr uppsjávarfiski hefur t.d. lítið breyst hjá þorski. Ræddar verða mögulegar orsakir þessa.



Þór Sigfússon  
Framkvæmdastjóri  
Íslenski sjávarklasinn

## Stefnumótun í íslenskum sjávarútvegi

Í skjóli hins hefðbundna sjávarútvegs hefur myndast öflug þyrping fyrirtækja, svokallaður sjávarklasi, sem þjónað hefur sjávarútvegi, vinnur úr afurðum hans og þróar tæknibúnað fyrir hann. Þessi nýi sjávarútvegur býr ekki við þær takmarkanir sem náttúran setur hefðbundnum sjávarútvegi heldur geta þessi fyrirtæki flutt út vörur sínar og þekkingu óháð aflabrögðum hér heima. Sjávarklasinn mun þannig ekki gera einungis út á auðlindir í hafinu heldur mannauðinn. Sú auðlind hefur þann eiginleika að hún vex því meira sem hún er nýtt.

Vísbendingar um vöxt sjávarklasans eru margar. Tæknifyrirtækin vaxa um 10-13% á ári og þar er lang stærstur hluti veltunnar útflutningur og vöxtur fyrirtækja sem fullvinna aukaafurðir var 17% á síðasta ári. Nýjum sprotum í sjávarlíftækni og -lyfjaframleiðslu og ráðgjöf fjölga hratt. Eftir röskan áratug kann minnihluti veltu sjávarklasans að koma úr hinum hefðbundna sjávarútvegi.

Stefna um nýjan sjávarútveg þarf að taka mið af þessum nýju og kvótalausum tækifærum. Sjávarklasinn vísar í breiðari hóp fyrirtækja í nýjum sjávarútvegi en áður hefur verið gert á Íslandi. Með þessari víðu skírskotun má stuðla enn frekar að samstarfi þvert yfir hefðbundin mæri atvinnugreina og skapa verðmæti.

Í stefnumörkun til framtíðar þarf að kortleggja tækifærin; fólk, fyrirtæki og svæði á landinu sem eru þegar að nýta þau. Í stefnunni sjálfri þarf að hnykkja á mikilvægi ýmissa þeirra þátta sem nýr sjávarútvegur hvílir á; menntun og rannsóknnum, stöndugum gjaldmiðli, samstarfi fyrirtækja, umhverfismálum, frumkvöðlum og áhættufé.



Magnús Bjarnason  
Forstjóri  
Icelandic Group

## Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi

Hvernig getum við stuðlað að aukinni verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi? Íslendingar flytja erlendis nánast allan fisk upp úr sjó og því gegnir markaðssetning á alþjóðlegum mörkuðum lykilhlutverki í verðmætasköpun Íslendinga. Icelandic Group býr yfir áratuga reynslu af sölu og markaðssetningu á sjávarafurðum víða um heim og er með leiðandi stöðu á mörkuðum í Bretlandi, Belgíu, Spáni og Japan og ört vaxandi í Bandaríkjunum og Kína.



Hjálmar Sigurþórsson  
Framkvæmdastjóri  
fyrirtækjaþjónustu hjá  
Tryggingamiðstöðinni.

## Afhending framúrstefnuverðlauna

Kynnt verður niðurstaða dómnefndar um val framúrstefnuhugmynda. Veitt verða verðlaun sem nefnast Svifaldan og eru verðlaunin gefin af Tryggingamiðstöðinni sem er einn af helstu bakhjörum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Framúrstefnuverðlaununum er ætlað að vera hvatning til að efla samstarf og nýsköpun til að styðja við ímynd Íslands og arðsemi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og tengdra greina.

# Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?

## Málstofa A1

**Ráðstefnusalur:** **Dagur:**  
**Gullteigur** **Fimmtudagur**

**Tímasetning:**  
**13:00-14:45**



Sigurgeir Þorgeirsson  
Fyrirverandi  
ráðuneytisstjóri Atvinnu-  
og nýsköpunarráðuneyti

Sérstakar stofnanir, sem starfa samkvæmt lögum frá Alþingi, eru margar í íslenskum sjávarútvegi. Sumar þessara stofnana eru sérstaklega settar á fót til að sinna þörfum sjávarútvegs eins og Fiskstofa, Verðlagstofa og Hafrannsóknarstofnun, meðan Siglingamálastofnun og Matvælastofnun þjónusta einnig aðrar greinar. Í þessari málstofu verður rætt um það hvernig greininni sem slíkri gengur að veita þessum stofnunum aðhald og tryggja réttláta málsmeðferð. Hér þarf að skoða aðkomu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi sem og að skoða hvert einstaklingar í greininni geta skotið ágreiningsmálum sínum við stofnanir án þess að þurfa að leita til dómsstóla. Er tryggt að spilling, tengsla- og vinavæðing þrífist ekki í þessum stofnunum og að jafnræði sé milli stórra fyrirtækja og einyrkjans.



Grímur Valdimarsson  
Ráðsgjafi  
Atvinnu- og  
nýsköpunarráðuneyti



Hreiðar Þór Valtýsson  
Forstöðumaður / lektor  
Sjávarútvegsmiðstöðin  
við Háskólann á Akureyri.

### Yfirlit yfir helstu stofnarnir sjávarútvegs og fiskeldis

Yfirlit er gefið yfir helstu stofnanir sjávarútvegs og fiskeldis á Íslandi. Fjallað verður um hvert sé hlutverk þeirra hvað varðar þjónustu, eftirlit og rannsóknir. Farið er yfir hvar starfsstöðvar þeirra eru á landinu og hver sé fjöldi starfsmanna. Því verður velt upp hvernig hægt væri að bæta þjónustu þessara stofnana um land allt. Einnig verður gefið yfirlit yfir þá menntun sem í boði er sem tengist sjávarútvegi og fiskeldi.



Guðmundur Smári  
Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri  
Guðmundur Runólfsson

### Leiðbeinandinn

Fyrir um 20 árum fjallaði ég um eftirlitsiðnaðinn á aðalfundi LIÚ. Þar nálgadist ég allan þann kostnað sem greinin hafði af eftirlitinu. Ég hef ákveðið að þetta erindi muni snúast um þær jákvæðu leiðbeiningar sem vel skipulagt eftirlit geti haft á sjávarútveginn. Getur þessi iðnaður bætt það umhverfi sem við störfum í?



Örn Pálsson  
Framkvæmdastjóri  
Landssamband  
smábátæigenda

### Stoðkerfi sjávarútvegs út frá sjónarhóli smábátæigenda

Fjallað verður um þjónustu sem smábátæigendur njóta frá stofnunum sem starfa samkvæmt lögum frá Alþingi. Aðhald sem hlýst af þjónustunni, breytingar sem gerðar hafa verið við einkavæðingu. Vikið að stofnunum sem þjóna fleirum greinum og upplýsingum sem þær veita og hvernig þær geta nýst við stjórn fiskveiða. Komið inn á eftirlit og skrifinnsku og hvort einfalda megi hana, án þess að það komi niður á öryggi sjómanna og gæði afla.



Davíð Freyr Jónsson  
Frumkvöðull  
Arctic Seafood

### Stoðkerfi sjávaraútvegs út frá sjónarhóli frumkvöðla

Farið verður yfir það hvernig stoðkerfið, sjóðir og stofnanir líta út frá sjónarhorni frumkvöðla. Fjallað er um ferlið þegar nýting er að hefjast á nýjum- eða vannýttum stofnum sjávarlífvera og hvar frumkvöðlar lenda á hindrunum. Stoðkerfið og stofnanir hvetja til nýjunga og gera ýmislegt vel en margt má betur fara, vöxtur í greininni er að mörgu leyti háður því að framþróun lendi ekki í grýttum jarðvegi að óþörfu. Almennur vilji virðist vera fyrir aukinni verðmætasköpun. Því er vert að spyrja hvort stofnanir séu stökkpallur eða hindrun á vegi framfara.



Pétur Reimarsson  
Forstöðumaður  
Samtök atvinnulífsins

### Stoðkerfi sjávarútvegsins – Verkefni framundan?

Umfjöllun um eftirlitsstarfsemi hins opinbera með fyrirtækjum og vangaveltur um hvort unnt sé að hagræða þannig að kostnaður fyrirtækja verði minni en nú og umstang sömuleiðis án þess að efnislegar kröfur til fyrirtækjanna líði fyrir það.



- Nútíminn er rafdrifinn



ATW fjölskyldan stækkar enn.  
Hvenær bætist þitt skip  
í hópinn?



Uppfærslurog ný kerfi 2013



## Málstofa B1

**Ráðstefnusalur:** Dagur: Tímasetning:  
**Hvammur Fimmtudagur 13:00-14:45**



Málstofustjóri:  
Hólmfríður Sveinsdóttir,  
Frankvæmdarstjóri  
Iceproteins



Umsjónarmaður  
málstofu:  
Anna K.  
Danielsdóttir,  
sviðstjóri, Mátis

Þetta er spurning sem á svo sannarlega við þegar ljóst er að vaxtarmögu-  
leikar íslenska sjávarútvegsins liggja að öllum líkindum í bættri nýtingu  
og vöruþróun með hjálp sjávarlíftækni frekar en auknum veiðum. Í mál-  
stofunni fáum við að heyra um hvað sé að gerast á sviði sjávarlíftækni í  
heiminum og hvernig Íslendingar geti nýtt sér það. Við veltum sjávarlíftækni-  
iðnaðinum á Íslandi fyrir okkur og fáum að heyra sögu íslensks líftækni-  
fyrirtækis sem spannar allt frá grunnrannsóknum við Háskóla Ís-  
lands til tilbúinnar markaðsvöru. Möguleikar á vinnslu lífvirkra efna úr  
sjávarþörungum verða kynntir og hvernig nýta megi efnin í verðmætar  
heilsu- og snyrtivörur. Að lokum munum við velta fyrir okkur þeim breyt-  
ingum sem orðið hafa á nýtingu lýsis og hverjir möguleikar Íslendinga eru  
til að auka verðmæti lýsis sem framleitt er til manneldis.



Hörður Kristinsson  
Rannsóknarstjóri  
Mátis

### Hvað er að gerast í heiminum – Hvað getum við af þeim lært?

Sjávarlíftækni spannar vítt svið og er enn stutt á veg komin miðað við margar aðrar greinar.  
Tækifærin eru aftur á móti mikil ef rétt er staðið að málum. Sjávarlíftækni getur m.a. falið í sér  
notkun á líffræðilegum og lífefnafræðilegum ferlum til að draga út og einangra verðmæt lífefni,  
en getur líka falið í sér að nota sömu ferla til að umbreyta efnunum í enn verðmætari efni með marg-  
konar notagildi. Ísland er í sterki stöðu til að verða leiðandi á þessu sviði, ekki síst vegna sérstakra  
hráefna og mikils magns hráefnis af háum gæðum. Nokkrar þjóðir hafa náð langt á sviði sjávar-  
líftækni, Ísland innifalið, og er mikil gróska í greininni. Allnokkrar vörur eru komnar á markað  
og eftirspurnin er mikil. Í erindinu verður farið yfir þróun sjávarlíftækninnar bæði á Íslandi og  
erlendis síðustu ár og sérstaklega skoðað hvaða vörur hafa komið á markað. Einnig verður farið  
yfir stöðu og framtíð sjávarlíftækni á Íslandi á komandi árum.



Ágústa Guðmundsdóttir  
Prófessor við HÍ og  
rannsóknastjóri Zymetech

### Saga Zymetech - frá rannsóknum til afurða á markaði

Saga Zymetech er samofin sögu líftækni á Íslandi en fyrirtækið er sprottið úr rannsóknum við  
Háskóla Íslands. Þorsklóg, sem fellur til við fiskvinnslu er notað til að vinna ensím í snyrtivörur  
og lækningavörur með einkaleyfisvarinni tækni. Áhersla fyrirtækisins er á þróun lækningavara  
gegn örverusýkingum, húðkvillum og sárum. Nokkrar vörur eru á markaði erlendis og á Íslandi  
en fyrsta skráða lækningavara fyrirtækisins gegn kvefi kom nýlega á markað í Svíþjóð. Þróun  
hennar byggir á áratuga rannsóknum, nýlegri klímískri rannsókn og löngu samstarfi við sænskt  
líftækniyrirtæki. Styrktaraðilar rannsóknaverkefna Zymetech eru Tækniþróunarsjóður og AVS  
rannsóknasjóður í sjávarútvegi.



Rósa Jónsdóttir  
Fagstjóri Mátis

### Líftækniáfurðir úr þörungum

Mikil tækifæri liggja í framleiðslu lífefna úr íslenskum sjávarþörungum með skilgreinda og  
staðfesta lífvirkni. Þörungar eru frábær uppspretta próteina, fæðutrefja og steinefna auk ýmissa  
annarra lífvirkra efna líkt og fjölfenóla. Það er mikil og aukin eftirspurn eftir lífvirkum efnunum  
úr náttúrunni og Ísland hefur ímynd hreinnar náttúru. Hafið umhverfis Ísland er afar ríkt af  
þörungum sem eru vannýtt hráefni með óþrjótandi möguleika á mikilli verðmætasköpun. Í er-  
indinu verður fjallað um möguleika til að vinna lífefni og lífvirk efni úr þörungum í verðmætar  
heilsuvörur og snyrtivörur.



Baldur Hjaltason  
FMC Corporation

### Lýsisáfurðaiðnaðurinn

Í dag eru um það bil ein milljón tonna framleidd af hrálýsi í heiminum. Á síðustu tíu árum hefur  
orðið mikil breyting á notkun lýsis. Áður fyrr var megnið af lýsinu hert til notkunar í viðbit svo  
sem smjörliki en nú fer um 70% í fiskafóður og meira en 20% til manneldis. Markaðinn fyrir  
lýsi til manneldis má skipta í 4 hluta; Lýsi í barnamat (infant formulas), lýsi sem heilsuvara  
(nutraceuticals), lýsi sem markfæði (functional food) og lýsi til lyfjagerðar (pharmaceuticals).  
Hér er um að ræða bæði náttúrulegt lýsi sem notað er sem heilsuvara og til íblöndunar í matvæli  
t.d. þorskalýsi og kolmunnalýsi. Hins vegar lýsisþykki þar sem innihald EPA og DHA, hinu  
virku fitusýra í lýsinu, er aukið með ýmsum aðferðum. t.d. eimingu. Í dag er næstum allt okkar  
lýsi selt til fiskafóðurgerðar. Hvaða möguleika eiga Íslendingar á því að auka verðmæti þessa  
lýsis sem við framleiðum til manneldisnotkunar?

# Deloitte.

## Þeir fiska sem róa



Hafðu samband og þér mun koma á óvart hvað við getum  
aðstoðað þig á mörgum sviðum.

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

## Málstofa A2

**Ráðstefnusalur:** **Dagur:**  
**Gullteigur** **Fimmtudagur**

**Tímasetning:**  
**15:15-17:00**



Málstofustjóri:  
Bylgja Hauksdóttir  
Útibússtjóri North Coast  
Seafoods á Íslandi

Í málstofunni er gefið yfirlit um flutningsmáta og vörustjórnun á ferskum fiski frá Íslandi og helstu samkeppnislöndum. Fjallað er um tækniþróunina og leiðir til bættrar hitastýringar í flutningakeðjunni. Við heyrum sjónarmið kaupanda um hvað hann telur mikilvægast og mat á því hvernig við erum að standa okkur í þessum efnunum.



Umsjónamaður  
málstofu:  
Inga Jóna Friðgeirsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Laugafiskur



Björn Margeirsson  
Rannsóknastjóri  
Promens

### Leiðir til bættrar hitastýringar við sjó- og flugflutning á ferskum fiski

Hitastýring í flutningi ferskra fiskafurða hefur afgerandi áhrif á skemmdarferla vörunnar. Í erindinu eru neikvæð áhrif umhverfishitasveiflna á geymsluþol og viðhald ferskleika metin. Gefið er yfirlit yfir helstu aðferðir til bættrar hitastýringar (flutningsmátar, pakkningalausnir, ofurkæld vinnsla) og möguleika tölvuvæddrar varmaflutningslíkanagerðar til að spá fyrir um áhrif umhverfishita á vöruhita. Loks er fjallað um MiND-ferilvöktunarlausn Promens og Controlant sem hentar vel fyrir öruggan flutning á heilum fiski, flökum og flakabítum í kerum og kössum.



Gunnar Mór  
Sigurfinnsson  
Framkvæmdastjóri  
Icelandair Cargo

### Leiðarkerfi í flugi skapar einstakt tækifæri fyrir íslenskan ferskan fisk

Fjallað er um hvaða tækifæri leiðarkerfið býr til og þá samkeppnisvæðing sem flug frá Íslandi skapar fyrir ferskan fisk umfram samkeppnislönd eins og Noreg og Rússland sem geta ekki komið vörum á markað á eins skömmum tíma og við. Um er að ræða aðeins nokkurra klukkutíma flutningstíma á alla lykilmarkaði sem Ísland á viðskipti við. Farið verður yfir vörumeðferðina, gæðakröfur sem þarf að gera til flutningakeðjunnar og hvaða tækifæri það skapar til að bjóða bestu gæði af ferskum fiski á öllum lykilmörkuðum.



Brynjar Viggósson  
Forstöðumaður  
Eimskip

### Ferskur fiskur og flutningaþróun

Fjallað er um viðfangsefnið út frá sjónarhóli fyrirtækis sem veitir flutningaþjónustu fyrir ferskan fisk. Gerð er grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu tveimur áratugum, sérstaklega hvað varðar vörutegundir og þróun í magni. Farið er yfir breytingar á flutningaferlum, þjónustu og upplýsingaflæði hjá Eimskip. Að lokum er spáð fyrir um þróun þessarar þjónustu til næstu ára.



Andrei Kouznetsov  
Marine Harvest VAP  
Europe

### Logistic viewpoint from the buyer's side

Logistics is the blood vessel of the industry, linking different stakeholders of the value chain. The service level of a logistics provider has a crucial impact on the service level delivered to customers. The selection of a transporter is critical to supply chain competitiveness.

The role of adequate logistic solutions in the cold chain is even more essential. Close interaction and profound understanding of both needs and capabilities of clients and logistic providers are the key to greater efficiency and creation of most added value.

Seafood buyers are involved in procuring of logistics directly or indirectly in their daily activities and hence have clear expectations towards carriers' performance. Their choices of means of transport, service providers and routings are based on particular drivers. Which parameters do buyers consider as most important?



# Tryggir gæðin alla leið!




## OPTIM ICE

**Hröð niðurkæling er það sem Optim-Ice® ísþykknið snýst um.**

Mjög mikilvægt er að kæla aflann hratt fyrstu klukkustundirnar eftir veiði, það lengir geymslupól verulega.

Notkun ísþykknis frá Optimar Ísland er góð aðferð til að ná fram hámarks kælihraða því flotmikið og fínkristallað ísþykknið umlykur allt hráefnið og orkuyfirfærslan er því gríðarlega hröð. Þessi hraða orkuyfirfærsla hamlar bakteríu- og örveruvexti og hámarks gæði aflans eru tryggð.

**optimar**   
Iceland



# Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar?

## Málstofa B2

**Ráðstefnusalur:** Dagur:

**Hvammur**

**Fimmtudagur**

**Tímasetning:**

**15:15-17:00**



**Málstofustjóri:**  
Helga Sigurrós  
Valgeirsdóttir  
Aðstoðarmaður  
sjávarútvegsráðherra



**Umsjónarmaður  
málstofu:**  
Erla Kristinsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Sjáværiðjan Rífi

Í málstofunni verður fjallað um þá spurningu hvort hvalveiðar og ferðaþjónusta séu í samkeppni um athygli og réttmæti eða hvort þessar greinar geti stutt hvor aðra, þannig að betri árangur náist hjá hvorri grein um sig. Rifjuð verða upp átökin sem áttu sér stað í tengslum við hvalveiðar á pólitískum vettvangi bæði hérlendis og erlendis.

Fulltrúi Hafrannsóknastofnunar mun gera grein fyrir breytingum á útbreiðslu hvala og hugsanlegar ástæður þeirra. Fjallað verður um sjónarmið hvalaskoðunarfyrtækis gagnvart hvalveiðum. Fulltrúi hvalveiðinaðarins greinir frá áhrifum ferðaþjónustunnar á þeirra starfsemi.



**Halldór Ásgrímsson**  
Fyrirverandi  
forsætisráðherra

### Hvalveiðar, átök og stjórnsýslan

Rifjað verður upp þegar umræðan um bann við hvalveiðum við Íslandsstrendur hófst. Fjallað verður um þær ákvarðanir og átök sem áttu sér stað í tengslum við hvalveiðar á pólitískum vettvangi bæði hérlendis og erlendis. Leitast verður við að svara spurningunni; hvaða áhrif hafa hvalveiðar haft?



**Gísli Víkingsson**  
Yfirmaður  
hvalarannsóknna  
Hafrannsóknastofnun

### Nýlegar breytingar á útbreiðslu og stofnstærðum hvala við Ísland

Hafrannsóknastofnun hefur staðið fyrir reglulegum hvalatalningum á tímabilinu 1987-2007 í samvinnu við nágrannaþjóðir. Talsverðar breytingar hafa orðið á fjölda og útbreiðslu ýmissa hvalategunda á þessu tímabili. Hnúfubak og langreyði hefur fjölgað allt tímabilið en hrefnu hefur fækkað við landið og útbreiðsla steypireyðar breyst frá því um síðustu aldamót. Í erindinu verður gerð grein fyrir þessum breytingum og hugsanlegum orsökum þeirra s.s. hvalveiðum, hvalaskoðun og loftslagsbreytingum.



**Rannveig Grétarsdóttir**  
Framkvæmdastjóri  
Elding

### Sjónarmið hvalaskoðunarfyrtækja

Fjallað verður um þróun hvalaskoðunar á Íslandi, ógnanir og tækifæri. Efnahagslegt mikilvægi hvalaskoðunar, beint og óbeint. Fjallað verður um mikilvægi hvalaskoðunar fyrir markaðssetningu landsins. Einnig verður tekið fyrir í erindinu áhrif hvalveiða á ímynd Íslands, á gæði hvalaskoðunarferða og starfsemi fyrirtækja sem byggja sína afkomu á hvalaskoðunum.



**Gunnar Bergmann  
Jónsson** Formaður Félags  
hvalveiðimanna

### Áhrif hrefnuveiða á hvalaskoðun og almennt á ferðaþjónustuna á Íslandi

Hrefnuveiðar hófust árið 2003 eftir nokkuð langt hlé og hafa staðið síðan, fyrst í vísindaskyni og seinna í atvinnuskyni. Frá þeim tíma hefur ferðaþjónustan haft miklar áhyggjur af því að veiðarnar skaði ímynd Íslands. Hvalaskoðunarfyrtækja á Íslandi hafa einnig lagt mikla áherslu á að veiðarnar skaði hvalaskoðun við landið. Farið verður í að skoða staðreyndir málsins og hvernig áhrif hrefnuveiða hafa verið á ferðaþjónustuna. Einnig verður litið á það hvaða áhrif hvalaskoðun hefur haft á hrefnuveiðar.



**wise**  
- snjallar lausnir



**sjávarútvegslausnir**


## hvert er þitt hlutverk?

Gæðastjórinn:

**„Hlutverk mitt er að tryggja gæði og rekjanleika vörunnar.“**

Wise býður lausnir í sjávarútvegi sem spanna alla virðiskeðjuna.

Wise sérhæfir sig í Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausnum.



Wise lausnir ehf.  
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 102, 600 Akureyri  
sími: 545 3200 » wise@wise.is » [www.wise.is](http://www.wise.is)



**Microsoft** Partner  
Gold Enterprise Resource Planning  
Silver Independent Software Vendor (ISV)



## Málstofa A3

**Ráðstefnusalur:** **Dagur:**  
**Gullteigur** **Föstudagur**

**Tímasetning:**  
**9:00-10:30**



Málstofustjóri:  
Einar Kr. Guðfinnsson,  
forseti Alþingis

Á níunda áratug síðustu aldar hófst hnignunarskeið þegar horft er á heildarframboð botnfisktegunda, þar sem hver stofninn á fætur öðrum lét undan síga. Í upphafi tíunda áratugarins hrundu þorskstofnar og svipaða sögu var að segja af fleiri helstu botnfisksstofnum. Þessi hnignun skapaði grundvöll fyrir sókn á nýjum grunni í tegundir eins og Hoki, Alaska ufsa og minni staðbundna stofna um allan heim. Í upphafi þessarar aldar fóru þessir stofnar einnig að gefa eftir og heildarframboðið á villtum botnfiski hélt áfram að minnka. Margir töldu að þessi þróun gæti einungis haldið áfram og hækkandi afurðaverð skapaði rými fyrir aukið eldi á hvítfisktegundum í Asíu. Það þóttu því merkileg tíðindi þegar heildarframboð úr veiði jókst á nýjan leik árið 2009 og stofnar styrktust. Aukningin frá árinu 2009 til 2013 er vel á aðra milljón tonna og óhætt er að segja að Íslendingar hafi fundið fyrir auknu framboði á mörkuðum og lækkandi afurðaverði síðustu 12-20 mánuði. Málstofan fer yfir framboðið og horfur fyrir árið 2014. Fyrirlesarar leggja sitt mat á samkeppnishæfni sumra „keppinauta“ okkar á mörkuðum miðað við áætlað framboð, líklega skiptingu milli afurðaflokka og hugsanleg áhrif á markaðsstöðu og horfur á íslenskar afurðir.



Umsjónamaður  
málstofu:  
Lúðvík Börkur  
Jónsson  
Framkvæmdastjóri  
Royal Iceland



Lúðvík Börkur Jónsson  
Framkvæmdastjóri  
Royal Iceland

### Heimsframboð

Farið yfir tölur um veiði helstu botnfisksstofna heimsins og áætlanir frá Groundfish Forum um veiði árið 2014. Farið yfir stöðu tveggja helstu eldistegundanna í Asíu en þar er talsverð óvissa um væntanlegt framboð. Erindið á að skapa tölulegan grundvöll til umræðna í lok málstofunnar og svara þeirri stóru spurningu hvort áframhaldandi vöxtur verði í heildarframboði á hvítum fiski eða hvort nýtt jafnvægi sé að myndast?



Sturlaugur Haraldsson  
Vice President – Sales  
Ocean Trawlers Europe

### Barentshafsporskur

Farið yfir skiptingu þorskkvótans milli helstu veiðipjóða og þróun síðustu ára varðandi afurðaskiptingu hjá Norðmönnum og Rússum. Þorskveiðin á árinu 2013 er sú mesta í marga áratugi, en þessi stærsti þorskstofn heimsins hefur mismunandi áhrif á markaði og afurðir eftir vinnsluaðferðum og stærð fisksins. Ræðumaður mun leggja sitt mat á það hvort Norðmenn og Rússar hafi ráðið við að veiða og markaðssetja þetta gríðarlega magn. Hvaða breytinga er að vænta á næsta ári í ljósi reynslunnar í ár og þá hvaða áhrif þær breytingar gætu haft á markaðsstöðu okkar Íslendinga í Evrópu og Bandaríkjunum.



Magnús Gústafsson  
Forstjóri Atlantika, Inc.

### Alaska ufsi

Farið yfir aflaskiptingu á þessum stærsta „hvítfiskstofni“ heimsins milli Bandaríkjamanna og Rússa. Alaska ufsinn er að aflamagni tæplega helmingur villtra hvítfiskafurða og tæpur fjórðungur af heimsframboðinu þegar eldisfiski er bætt við. Ræðumaður mun leggja mat á hugsanlegar breytingar í framboði milli flaka, blokka, súrimi og heilfrystingar á næsta ári og hvaða afleiðingar slíkar breytingar gætu haft á markaði fyrir íslenskar afurðir. Afurðaverð hafa farið lækkandi á þessu ári og mun ræðumaður m.a. velta upp hvort lækkunin auki eftirspurn á hefðbundnum mörkuðum og hvort líklegt sé að meira eða minna af Alaska ufsa fari í endurvinnslu til Kína samanborið við yfirstandandi ár.



Steindór Sigurgeirsson  
Forstjóri/eigandi  
Nautilus Equity Holdings

### Tilapía

Tilapía er langmikilvægasta eldistegundin á „hvítfiskmarkaðnum“ og gjarnan kölluð kjúlingur hafsins. Tilapíuflök hafa á undraverðum tíma haslað sér völl á öllum markaðshlutum vestan hafs og austan. Ræðumaður mun fjalla um tilapíueldi í Kína, verðþróun á mörkuðum fyrir afurðir og greina helstu breytur sem hafa áhrif á hugsanlegt framboð, meðal annars í ljósi þess að eldisbændur geta nýtt sínar stöðvar til annarra framleiðslu.



# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun sjávarútvegs.

Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



## Málstofa B3

**Ráðstefnusalur:**  
**Hvammur**

**Dagur:**  
**Föstudagur**

**Tímasetning:**  
**9:00-10:30**



Málstofustjóri:  
Kolbeinn Árnason  
Framkvæmdastjóri  
Landssamband íslenskra  
útvegsmanna



Umsjónarmaður  
málstofu:  
Gísli Gíslason  
Framkvæmdastjóri  
MSC

Aukið hitastig sjávar hefur orsakað breytingar í göngumynstri fiskstofna og það getur kallað á ný úrlausnarefni varðandi það hvernig þjóðir skipta með sér veiðum á þeim stofnum. Markmiðið er að varpa ljósi á stöðu Íslands og því lagaumhverfi sem þjóðir búa við. Spurning er því hvort deilistofnar séu oftar en ekki deilustofnar?



Jóhann Sigurjónsson  
Forstjóri  
Hafrannsóknastofnun

### Sveiflur og breyttar göngur deilistofna í norðaustanverðu Atlantshafi

Þekkt er að sveiflur í hitafari og straumum á Norður Atlantshafi hafa mikil áhrif á fiskgengd og stofnstærðir nytjastofna, ekki síst stórra uppsjávarstofna, sem margir flokkast til deilistofna. Á síðustu 100 árum eða svo hafa náttúrulegar sveiflur í hitafari haft mikil áhrif hér við landið og hafa áhrif hlýskeiðs síðustu 15 árin m.a. haft áhrif á göngur makrils í íslenski efnahagslögsögu. Í erindinu er fjallað um stöðu þessara stofna og hugsanlega framvindu á komandi árum.



Kristján Freyr Helgason  
Aðstoðarskrifstofustjóri á  
skrifstofu sjávarútvegs og  
fiskeldis

### Yfirlit yfir núverandi samninga deilistofna og þar sem ekki eru samningar

Í fyrirlestrinum verður gerð grein fyrir núverandi samningum um deilistofna og þar sem ekki eru samningar í gildi. Fjallað verður um þetta út frá staðbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum (NEAFC –NAFO) sem og tví- og þríhliða samningum.



Kjartan Hoydal  
Skrivarastova  
Fyrirverandi  
framkvæmdastjóri NEAFC

### Hvernig hefur verið samið um skiptingu deilistofna

In the presentation the history of reaching agreements on the management of the three large pelagic stocks in the North East Atlantic and the breakdown of these agreements is discussed. It becomes clear that the each agreement has its specifics, but there are also similarities, from which lessons can be drawn. Changes in policy, economy and ecology all have contributed to the breakdown of the coastal state agreements in recent years.



Helgi Áss Grétarsson  
Dósent við lagadeild  
Háskóli Íslands

### Núverandi staða og framtíðarsýn um leiðir að samkomulagi um nýtingu stofna

Strandríkjum ber skylda til að reyna ná samkomulagi um heildarstjórn veiða á deilistofnum. Alþjóðalög kveða hins vegar ekki á um skyldu strandríkja til að ná samkomulagi um þessi efni. Þessa skipan mála hefur sína kosti og galla. Þannig er núverandi fyrirkomulag mikil framför sé mið tekið af réttarstöðunni áður en úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna var samþykktur árið 1995. Á hinn bóginn eru ýmsir ágallar á núverandi skipan mála, sérstaklega ef strandríkjum tekst ekki um langt árabíl að ná saman um skynsamlega heildarstjórn veiða. Við slíkar aðstæður kann dómstólameðferð að vera æskileg, sérstaklega ef ágreiningurinn lýtur eingöngu að skiptingu heildarafla á milli strandríkja.





# Við leitum svara fyrir sjávarútveginn

Með erfðatækni leitar Matís svara við mörgum mikilvægum spurningum sem varða framtíð íslensks sjávarútvegs. Nýjustu rannsóknaaðferðir í erfðatækni veita nýjar og áður óþekktar upplýsingar um fiskistofnana, jafnt sem svör um lykilkætti í frampróun fiskeldis.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um hvernig Matís starfar í þágu íslensks sjávarútvegs.

[www.matis.is](http://www.matis.is)



# Umhverfis og upprunamerki, samkeppni eða samherjar?

## Málstofa A4

**Ráðstefnusalur:**  
Hvammur

**Dagur:**  
Föstudagur

**Tímasetning:**  
11:00-12:30



Málstofustjóri:  
Jónas R. Viðarsson  
Fagstjóri  
Mátís

Með tækniframförum á síðustu öld jukust umsvif mannsins svo að gengið var nærri ýmsum náttúruauðlindum. Á sama tíma jókst upplýsingaflæði og þar með kom krafa á atvinnugreinar þ.m.t. sjávarútveginn að framleiðsla hafi ekki neikvæðar afleiðingar. Félags- og umhverfissaðlar eru til að auðkenna vörur sem uppfylla skilyrði um lágmarkun neikvæðra áhrifa. Tilgangurinn er að auka eftirspurn eftir slíkum vörum og stuðla þannig að betra samfélagi og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Á sama tíma vex áhugi hjá hráefnislöndum að kynna uppruna sinna vara. Upprunamerki geta verið mikilvægur þáttur í að kynna vöru í mörgum vöruflokkum þ.m.t sjávarafurðum.

Í þessari málstofu verður leitast við að svara spurningunni, hvort umhverfis- og upprunamerki séu í samkeppni eða samherjar í markaðsstarfi á sjávarafurðum!



Umsjónarmaður  
málstofu:  
Gísli Gíslason  
Framkvæmdastjóri  
MSC á Íslandi

### Umhverfismerki, kröfur í hverfulum heimi

Marine Stewardship Council (MSC) er staðall sem skilgreinir sjálfbærar fiskveiðar. Samkvæmt FAO hefur ofveiði í heimshöfunum stöðugt aukist á síðustu 40 árum. Með því að auðkenna í gegnum vottun vörur úr sjálfbærum veiðum og auka eftirspurn eftir slíkri vöru er hugsjónin á bakvið MSC að til verði hvati fyrir aðra að fá vottun og gera sínar veiðar sjálfbærar. Þannig verði á endanum allar veiðar stundaðar með sjálfbærum hætti. Markaður gerir einnig kröfur um aðrar upplýsingar og fjallað verður um hvernig það fer saman með MSC.



Gísli Gíslason  
Framkvæmdastjóri  
MSC á Íslandi

### Ábyrgar fiskveiðar

Íslandsstofa vinnur í samstarfi við Ábyrgar fiskveiðar ses og hagsmunaaðila í sjávarútvegi að því að kynna íslenskar sjávarafurðir á erlendum mörkuðum. Fjallað verður um markaðsstarf og kynningu á íslenskum sjávarafurðum undir merkjum Iceland Responsible Fisheries (IRF). Upprunamerki fyrir íslenskar sjávarafurðir og vottun ábyrga fiskveiða Íslendinga eru markaðstæki sem gefur framleiðendum og seljendum íslenskra sjávarafurða tækifæri til að staðfesta frumkvæði sitt í að mæta kröfum markaðarins. Tilgangurinn er að treysta stöðu íslenskra sjávarafurða á erlendum mörkuðum og styrkja ímynd Íslands sem upprunalands sjávarafurða þar sem stundaðar eru ábyrgar fiskveiðar. Sagt verður frá áherslum í kynningarstarfinu og reynslunni af verkefnum.



Guðný Káradóttir  
Markaðsstjóri Iceland  
Responsible Fisheries  
Íslandsstofa

### Reynsla Sæmarks af markaði

Sæmark Sjávarafurðir er sölu- og markaðsfyrirtæki á íslenskum sjávarafurðum og er einn stærsti útflyjandi landsins á ferskum fiski. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru beggja vegna Atlantshafsins og er stefna Sæmarks að þjóna lykil viðskiptavinum á hverju svæði og jafnframt að geta boðið framleiðendum heildarlausnir. Í fyrirlestrinum verður leitast við að svara rannsóknarspurningu málstofunnar útrá því umhverfi sem Sæmark starfar í.



Svavar Þór Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri  
Sæmark

### Að hafa góða sögu að segja

FISK Seafood er sjávarútvegsfyrirtæki sem er bæði í útgerð og vinnslu og auk þess hluthafi í öðrum vinnslu- og eldisfyrirtækjum. Þá er fyrirtækið virkur þátttakandi í rannsókn- og þróunarstarfi. Fyrirtækið og hlutdeildarfélag þess framleiða fjölbreyttar afurðir sem það selur ýmist sjálft eða í gegnum aðra útflytendur. Fyrirlesari mun út frá reynslu sinni af markaðssetningu afurða inn á kröfuharða markaði fjalla um sýn sína á umhverfis- og upprunamerkjum, hverjar áherslurnar ættu að vera og hvert eigi að beina þeim skilaboðum sem koma þarf á framfæri.



Gunnlaugur Sighvatsson  
Yfirmaður landvinnslu og  
eldis. Fisk seafood



# Mikilvægasta ástæðan fyrir því að vera vel tryggður

Er fjölskyldan rétt tryggð ef áföll verða? Á [bornogforeldrar.tm.is](http://bornogforeldrar.tm.is) sérð þú hversu mikla vernd þú þarft.

Slysum og sjúkdómum fylgir álag á fjölskyldur. Tekjumissir og aukin útgjöld geta haft veruleg áhrif á daglega lífið



og heimilisbókhaldið. Þess vegna er fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar sennilega mikilvægasta ástæðan fyrir því að vera tryggður.


## bornogforeldrar.tm.is

Við gerðum einfalda reiknivél þar sem þú getur séð hversu mikla vernd þú þarft fyrir þig og fjölskylduna og hvað hún kostar.

- > **Sjúkdómatrygging** veitir fjölskyldunni fjárhagslegan stuðning ef alvarleg veikindi ber að garði.
- > **Sjúkra- og slysatrygging** bætir tekjumissi ef þú verður óvinnufær.
- > **Líftrygging** veitir fjölskyldunni fjárhagslegan stuðning við fráfall.
- > **Barnatrygging** bætir tjón sem gæti haft áhrif á framtíðarvelferð barnanna þinna.

## Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga

Það er stefna TM að samband okkar og viðskiptavina sé langtímasamband, byggt á trausti og gagnkvæmum ávinningi.



Á síðustu 14 árum hefur TM verið 12 sinnum með ánægðustu viðskiptavinum tryggingafélaga.

Á [afhverju.tm.is](http://afhverju.tm.is) getur þú séð umsgagnir viðskiptavina sem notið hafa þjónustu TM.

**Ef eitthvað kemur fyrir, þá viltu vera hjá TM.**





# Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?

## Málstofa B4

**Ráðstefnusalur:**  
**Hvammur**

**Dagur:**  
**Föstudagur**

**Tímasetning:**  
**11:00-12:30**



Málstofustjóri:  
Sjöfn Sigurgísladóttir,  
Sjálftætt starfandi  
ráðgjafi

Rannsóknir hafa sýnt að í verslunum er mikið um rangar merkingar fiskafurða ekki síst þar sem ódýrar tegundir eru seldar sem þekktar dýrari tegundir. Í merkingum fiskafurða er ekki alltaf getið um öll íblöndunarefni eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Þá er algengt að reglur um nettóþyngd séu ekki virtar t.d. vegna of mikillar íshúðunar. Svindl getur átt sér stað á ýmsum stöðum í ferlinu s.s. hjá framleiðanda, dreifiaðila eða jafnvel í verslunum og á veitingastöðum. Af hálfu neytendasamtaka víða um heim er krafa um betri og heiðarlegri vinnubrögð.



Umsjónarmaður  
málstofu:  
Grímur Valdimarsson,  
Ráðgjafi  
Atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneytinu



Jón Gíslason  
Forstjóri Matvælastofnunar

### Skyldur og heimildir til að takmarka viðskipti með gallaðar vörur

Ekki má dreifa matvælum þannig að þau blekki kaupanda vegna uppruna, samsetningar eða annarra þátta. Þá er óheimilt að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg eða óhæf til neyslu og skal tryggja eins og kostur er að þau valdi ekki matarsjúkdómum. Matvælafyrirtæki bera ábyrgð á að kröfur matvælalöggjafar séu uppfylltar og skulu sannprófa það og jafnframt bregðast strax við ef neytendum er hættu búin. Opinberir eftirlitsaðilar geta einnig gripið til aðgerða ef matvæli eru ekki örugg eða uppfylla ekki kröfur.



Sveinn Margeirsson  
Forstjóri Matis

### Orðsporsáhætta: Erfðafræði, skolprör og Meryl Streep

Íslenskur sjávarútvegur hefur mjög gott orðspor að verja, út frá hreinleika afurða, ábyrgri stjórnun veiða, árangri í stjórnun vinnslu og nýtingu á hráefnum og gæðavöru sem afhent er kaupendum á réttum tíma. Í góðu orðspori felast mikil verðmæti og tækifæri til frekari verðmætasköpunar. Í erindinu verður farið yfir ýmskonar orðsporsáhættu sem íslenskur sjávarútvegur á við að etja, í tengslum við hrossakjótshneykslið sem skók Evrópu nýlega, breytingar á vinnsluháttum, neyslumynstri og umhverfi sem og tilraunum og ásetningi (sumra) samkeppnisaðila íslensks sjávarútvegs til að slá ryki í augu neytenda.



Garðar Sverrisson  
Fagsviðsstjóri  
Matvælastofnunar

### Blekkingar og svindl í fiskiðnaði

Þegar innihald og merkingar matvælaumbúða eru tvennt ólíkt, dæmum við slíkt sem svindl, sérstaklega ef það felur í sér skjótfenginn gróða á kostnað annarra. Er blekking eingöngu hin hliðin á svindli eða lítum við það öðrum augum þegar fyrirtæki eða opinberar stofnanir eru blekktar? Farið er yfir dæmi um þróunarvinnu, þar sem matvælalöggjöfin var frjállega túlkuð og eftirlitsstofnanir vísitandi blekktar. Finna þarf leið til að slíkt endurtaki sig ekki!



Grímur Valdimarsson  
Ráðgjafi  
Atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneytinu

### Alþjóðlegir gagnagrunnar

Talið er að um 1.200 fisktegundir séu nýttar af mannfólkinu, en af beinfiskum einum saman eru skráðar hartnær 30.000 tegundir. Margvíslegir gagnagrunnar hafa verið settir upp til þess að auðvelda greiningu á því til hvaða lífvera rekja megi fiskmeti enda eru vísitandi rangar merkingar vaxandi vandamál í viðskiptum með fiskafurðir. Einnig eru í gildi alþjóðlegar reglur (CITES) sem koma eiga í veg fyrir verslun með dýrategundir í útrýmingarhættu.

# Upplýsingar takk fyrir!

## MIND rekjanleikakerfi fyrir ker

1. Þráðlaus MIND sendir steypur í Sæplast kerid
  - ☛ Sendidrägni að 300 metrum
  - ☛ Ending rafhlöðu 8 ár
  - ☛ Hitastig í hverju keru á sírita
2. Móttakari tekur sjálfvirk á móti merki frá Sæplast MIND kerjunum
  - ☛ Móttakarar staðsettir í vinnslu, geymslu, skipum eða flutningatækjum
  - ☛ Móttakari staðsettur á flutningatækil sendir kerfinu í rauntíma staðsetningu og hitastig
3. MIND utanumhaldið á vefsíðu
  - ☛ Yfirlit, greiningar, skýrslur og skilgreiningar aðgengilegar á netinu í rauntíma
  - ☛ Upplýsingar sendar í rauntíma til miðlægs MIND gagnagrunns
  - ☛ Notandavænt viðmót á netinu og krefst ekki sérstaks hugbúnaðar

**sæplast**  
Ker og bretti



**MIND**  
YOUR VALUE CHAIN




**PROMENS**  
www.promens.com/saeplast

PROMENS DALVIK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • SÍMI: 460 5000 • FAX: 460 5001



# Fast þeir sækja sjóinn!



**Bjóðum öll veiðarfæri og tengdan búnað sem þarf um borð í íslensk fiskiskip**

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtækið á Íslandi í þjónustu við sjávarútveginn. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur ásamt veiðarfæragerð undir nafninu Ísnet. Sterk staða Ísfells markast helst af góðu vöruúrvali, þjónustu og mikilli þekkingu starfsfólks á íslenskum sjávarútvegi.

**Hafðu samband við sölumenn okkar og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!**

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrókur - Lágeyri 1
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður

**ísnet**



**ÍSFELL**  
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

## Málstofa A5

**Ráðstefnusalur:**  
**Hvammur**

**Dagur:**  
**Föstudagur**

**Tímasetning:**  
**13:00-14:30**



Málstofustjóri:  
Erla Kristinsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Sjávariðjan Rífi



Umsjónamaður  
málstofu:  
Erla Kristinsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Sjávariðjan Rífi

Í málstofunni verður fjallað um hvernig sameiginlegt markaðsstarf saltfiskframleiðenda hefur gengið, hvaða lærdóm má draga af því og vangaveltur um hvort slíkt samstarf geti gagnast öðrum afurðaflokkum. Greint verður frá niðurstöðum rannsóknar á ímynd íslensks saltfisks á Spáni og hugmyndir verða settar fram um hvernig saltfiskútflytjendur geti betur nýtt verkfæri vörumerkjastjórnunar, jafnt í eigin starfi sem sameiginlegu markaðsstarfi. Skoðað verður hvernig sameiginlegt markaðsstarf sjávarútvegsins er samanborið við aðrar atvinnugreinar á Íslandi s.s ferðaþjónustu, orkugeirann og annan útflutning. Þá verður fjallað um hvernig Alaska hefur staðið að sameiginlegu markaðsstarfi í sjávarútvegi og hverju það hefur skilað fyrir hlutaðeigandi eins og sjómenn, stjórnvöld og fyrirtækin.

### Sameiginlegt markaðsstarf saltfiskframleiðenda

Sú var tíðin að markaðssetning og sala á íslenskum sjávarafurðum var í höndum fárra aðila sem höfðu fengið til þess sérstakt leyfi frá stjórnvöldum. Saltfiskur var til að mynda lengst af seldur í gegnum einn aðila. Það er svo upp úr 1990 sem talsverðar breytingar verða í þessum efnum og í dag er mikill fjöldi fyrirtækja sem starfar í sölu- og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Eða hvað? Jú það er klárlega rétt að margir starfa í sölu en hversu mikil er raunveruleg markaðssetning á íslensku sjávarfangi? Síðustu ár hefur átt sér stað talsverð umræða um það hvort sé þörf á sameiginlegri og samhæfri markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Skiptir uppruni afurða í harðnandi samkeppni máli? Er hægt að stunda sameiginlegt markaðsstarf en halda jafnframt samkeppninni innan greinarinnar? Hver er reynsla þeirra sem reynt hafa slíkt undanfarið?

### Vitund og ímynd íslensks saltfisks á Spáni - Niðurstöður meistaraaverkefnis

Hvernig má nýta verkfæri vörumerkjastjórnunar í tengslum við markaðsstarf og sölu á íslenskum saltfiski til Spánar? Greint verður frá helstu niðurstöðum meistaraaverkefnis við Háskóla Íslands og m.a. fjallað um könnun meðal neytenda á Spáni á vitund um íslenskan saltfisk og hvaða ímyndarþætti þeir tengja sterkast við hann. Rætt verður um hvernig fyrirtæki geta m.a. með staðfærslu sinni, vali á markhópum og samvali söluráða haft áhrif á þessa ímynd og vitund.

### Á sömu bókina lært - Samanburður við aðrar greinar

Markaðssetning íslenskra sjávarafurða á margt sameiginlegt með markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, sem uppsprettu orku og sem útflutningslands tækni, menningar og annarra vara. Í erindinu er hugað að því hvernig þessar greinar geta stutt hver við aðra og miðlað reynslu. Er skynsamlegt að mismunandi greinar sinni sameiginlegu markaðsstarfi og hvernig er slíku starfi best háttað?

### Alaska Seafood Marketing, why branding matters

Learn from the Alaska Seafood Marketing Institute how their operation works to market wild, natural and sustainable Alaska seafood products around the world. Topics included will be how they are funded, how they engage with industry members to direct marketing efforts, how they assess current and potential markets, messaging to consumers and trade members, as well as a look into the future of fish marketing as the Alaskans see it.



Skjöldur Pálmason  
Framleiðslu, sölu og  
markaðsstjóri  
Oddi



Kristinn Arnarson  
Markaðsráðgjafi GRM



Eggert Benedikt  
Guðmundsson  
Forstjóri N1



Tyson Fick  
Communications Director  
Alaska Seafood  
Marketing Institute



# FLÝGUR FISKISAGAN



.....  
**Iceland Responsible Fisheries auðkennir  
íslenskt sjávarfang og ábyrgar fiskveiðar.  
Sjálfbær nýting fiskistofna er hagur  
komandi kynslóða.**  
.....

[www.ResponsibleFisheries.is](http://www.ResponsibleFisheries.is)



## Málstofa B5

**Ráðstefnusalur:** Hvammur  
**Dagur:** Föstudagur  
**Tímasetning:** 13:00-14:30



Málfstjóri:  
Sigurjón Arason  
Yfirverkfræðingur  
Matis

Íslendingar eru framarlega í vinnslutækni í fiskiðnaði. Fiskvinnslustöðvar á Íslandi eru betur tæknivæddar en almennt gerist í nágrannalöndum. Jafnframt eru hér á landi mörg öflug þjónustufyrirtæki sem hanna, framleiða og flytja út fiskvinnslubúnað. Það er því til staðar öflug þjónustufyrirtæki sem munu vera drifkrafturinn í áframhaldandi þróun vinnsluferla og búnaðar fyrir vinnslu sjávarfangs. Í erindum mun vera gert grein fyrir hver staðan er í vinnslutækni, hvaða þörf er á nýjum lausnum og hvernig menn sjá fyrir sér þróunina á næstu árum og áratugum.



Umsjónarmaður  
málfstu:  
Anna K. Daniélsdóttir  
Sviðsstjóri Matis



Sindri Sigurðsson  
Verkefnisstjóri  
Sildarvinnslan

### Þróun í uppsjávarvinnslu á Íslandi

Í erindinu er farið stuttlega yfir sögu uppsjávarvinnslu á Íslandi í máli og myndum. Leitast er við að sýna þá þróun sem orðið hefur, með áherslu á manneldisvinnslu og hvernig sú þróun hefur bætt framleiðni í greininni. Reynt verður að horfa fram á veginn og velta upp mögulegri þróun á næstu árum.



Torfi Þorsteinsson  
Deildastjóri bolffiskvinnslu  
HB Grandi

### Áherslur í veiðum og vinnslu botnfisks hjá HB Grandi

Stjórn HB Grandi tók ákvörðun í byrjun árs að auka landvinnslu á botnfiski. Einu frystiskipi Venusi var lagt og öðru Helgu Maríu breytt í ísfiskskip. Í erindinu er fjallað um botnfiskvinnslu félagsins og hvernig tekist er á við þessar breyttu áherslur.



Helgi Hjálmarsson  
Framkvæmdastjóri  
Valka

### Sjálfvirkni í vinnslu á ferskum bolffiski

Valka hefur unnið markvisst að því á síðustu árum að auka sjálfvirkni auk þess að bæta nýtingu og hráefnismeðhöndlun við vinnslu á bolffiski. Merkustu tækninýjungarnar eru sjálfvirkur búnaður til flokkunar og pökkunar á ferskum fiskafurðum með meiri nákvæmni en áður hefur þekkt og röntgen stýrð bitaskurðarvél sem nýtir vatnsskurð til að skera sjálfvirkt beingarð úr flökum auk þess að skera þau í bita til að hámarka verðmæti hvers flaks. Þá er mikilvægt að auka skilvirkni við að tryggja rekjanleika og í vinnslustjórnun og hefur Valka þróað hugbúnaðarkerfi í þeim tilgangi. Í erindinu verða þessar tækninýjungar kynntar.



Kristján Hallvarsson  
Framkvæmdastjóri  
Vöruþróunar  
Fiskiðnaðarseturs Marel

### Fiskvinnsla framtíðar – Nýting, hráefnismeðhöndlun og sjálfvirkni

Farið verður stutt yfir sögu um þá tækni og framlag tækni Marel hef lagt til fiskvinnslunnar síðustu tvo áratugina og hverju það hefur skilað. Sagt frá hverju Marel er að vinna að um þessar mundir og staða fiskvinnslu á Íslandi borin saman við aðrar iðngreinar svo sem kjúklingavinnslu. Skyggnst verður inn í framtíðina hvernig fiskvinnslan gæti þróast á næstu árum.

# *Ertu með góða hugmynd?*

Við hjálpum þér að ýta henni úr vör

*Fyrirtækjaráðgjöf PwC*






# Framúr stefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2012 voru þrjár hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

- 1. Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða - Hljóð til að safna saman fiski?:** Þessi framúr stefnulega veiðiaðferð byggir á því að lágtíðnihljóðmerki eru notuð til að safna fiski að veiðitæki og krefst þess að fiskar séu þjálfaðir til að tengja hljóðmerki við fóðrun. *Tengiliður: Björn Björnsson.*
- 2. Stýranlegir toghlerar fyrir togveiðar og rannsóknir á olíusetlögum:** Hugmyndin snýr að byltingakenndri nýjung sem tengist hagkvæmni í togveiðum og olíuleitarrannsóknunum, þ.e. stýranlegum toghlerum fyrir togveiðar og hlerum sem eru notaðir við rannsóknir á olíusetlögum. Með þessari nýju hönnun má stjórna hlerunum á togi eftir því hvað hentar hverju sinni. *Tengiliður: Atli Már Jósafatsson.*
- 3. Fljótandi metan - Framtíðar orkugjafi sjávarútvegs á Íslandi:** Hugmyndin felst í að nota LNG orku (fljótandi metan) í stað olíu og stuðla að orkusparnaði sjávarútvegs og takmarka umhverfisáhrif. LNG hefur ýmsa kosti umfram olíu: ódýrara en olía, mengar minna, er umhverfisvænasta jarðaefnaeldsneyti sem völ er á og „grænn valkostur“ íslensks sjávarútvegs. *Tengiliður: Kristinn Pétursson.*



Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða. Er hægt að nota fiski sem þekkja hljóðmerki til að teyma aðra fiski inn í gildru?



Björn Björnsson, handhafi Sviföldunnar 2012.

## Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða - Hljóð til að safna saman fiski?

Hugmyndin byggir á því að lágtíðnihljóðmerki séu notuð til að safna fiskum **að veiðitæki** en áður verður að vera búið að kenna þeim að tengja hljóðmerkin við fóðrun. Hljóðmerki geta borist langar leiðir í sjó og eru sjávarfiskar næmastir fyrir hljóðum af lágrí tíðni (100-400 Hz). Þeir geta numið slík merki í margra kílómetra fjarlægð og þannig er möguleiki að senda fiskunum skilaboð um hvar fæðu sé að finna. Veiðiaðferð sem nýtir hljóðmerki á þennan hátt gæti hugsanlega orðið mikilvægur valkostur við nýtingu fiskistofna þar sem hægt yrði að spara orku og tilkostnað við veiðarnar með því að láta fiskana sjá um að synda sjálfa að veiðitæki. Jafnframt gæti þessi veiðiaðferð dregið úr óæskilegum afföllum á smáfiski og fiskum í útrýmingarhættu þar sem aðferðin gerir mögulegt að flokka þá fiski frá og sleppa þeim ósködduðum. Þjóð sem nýtti slíka veiðiaðferð þætti líklega til fyrirmyndar um sjálfbæra nýtingu fiskistofna, orkusparnað, hráefnisgæði og dýravelferð. Jafnvel gæti stuðningur við rannsóknir á þessu sviði bætt ímynd sjávarútvegsins.

Aðrar hugmyndir sem sendar voru inn eru eftirfarandi:

- Veiðar á flundru í sérhannaðar flatfiskgildrur
- Snjallkar
- Þorskeldi í fjörðum
- Stórtæk skelrækt á grunnsævi Íslands
- Umræðu- og rannsóknarvefur
- Fiskibókin, framúr stefnuhugmynd til að efla íslenskan sjávarútveg
- Betrubæting við úthlutun kvóta
- Veiðiheimildir og skuldir sjávarútvegs




Við verðlaunaafhendingu, frá vinstri: Hjálmar Sigurþórsson, Kristinn Pétursson, Björn Björnsson, Atli Már Jósafatsson og Sigurður Víðarsson.

## Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 voru fjórar hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. **Ljósveiðar, ljósvarpa:** Notuð er varpa sem ekki nemur við sjávarbotn og í staðin fyrir net er notaður veggur úr laserljósi. *Tengiliður: Halla Jónsdóttir*
2. **Græna hringferli Íslenskrar Matorku:** Eldi á tveimur ólíkum fisktegundum þar sem vatnið frá einni tegund er nýtt fyrir aðra og síðan til vökvunar og næringargjafar í gróðurhúsi þar sem ræktun þörungum eða grænmetis fer fram. *Tengiliður: Stefanía K. Karlsdóttir*
3. **Rafbátar til veiða innanfjarða:** Rafbátur með tvinnaflikerfi hannaður til að nýta umhverfisvæna orku við veiðar innanfjarða og markaðssetja fisk sérstaklega með áherslu á umhverfi og sjálfbærni. *Tengiliður: Víkingur Gunnarsson*
4. **Hjarðeldi á þorski:** Hugmyndin gengur út á að koma upp fódunarstöðvum fyrir villtan smáþorsk á grunnslóð þar sem hjarðir af þorski yrðu fódraðar frá vori og fram á haust. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimila ákveðnu útgerðarfélagi afnotarétt á afmörkuðu svæði umhverfis fódunarstöðvarnar í tiltekinn tíma. *Tengiliður: Björn Björnsson*



Samanburður á hefðbundinni botnvörpu (til hægri) og fyrirhugaðri ljósvörpu.



Hjálmar Sigurþórsson hjá Tryggingarmiðstöðinni afhendir verðlaun fyrir bestu framúrstefnuhugmynd til Höllu Jónsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð og við hlið hennar er Einar Hreinsson frá Hafrannsóknastofnun.



Við verðlaunaafhendingu, frá vinstri: Jóhann Sigurjónsson sem tók á móti viðurkenningu fyrir Björn Björnsson, Víkingur Gunnarsson, Stefanía K. Karlsdóttir, Geir Guðmundsson, Halla Jónsdóttir, Einar Hreinsson og Hjálmar Sigurþórsson.

### Ljósveiðar, ljósvarpa

Veiðar með togvörpu eru gríðarlega mikilvægar og arðbærar fyrir íslenskt þjóðarþú og því mikilvægt að endurbæta þær. Það liggja umtalsverð tækifæri í að hugsa togveiðarfæri upp á nýtt. Framúrstefnuhugmynd að togveiðifærum byggir á tækni sem einnig gæti nýst í öðrum veiðafærum. Togveiðarfæri byggja á því að draga net í gegnum vatn, með miklu dráttarviðnámi og töluverðri orkunotkun og tilheyrandi losun koltvísýrings. Valvirkni þessara veiðarfæra er takmörkuð og botnvörpur liggja undir ámæli fyrir að snerta sjávarbotn og hefur sums staðar verið í umræðunni að takmarka eða banna botnvörpuveiðar. Í stað þess að nota hefðbundna vörpu er notuð varpa sem ekki kemur við sjávarbotn og í stað þess að nota áþreifanlegt garn til að smala fiski þá er búið til ímyndað net eða veggur úr laserljósi. Framúrstefnuveiðar með laserljósi, munu stuðla að umhverfisvænum veiðum, og lágmarka röskun á sjávarbotninum.

Aðrar hugmyndir sem sendar voru inn eru eftirfarandi:

- Fiskur sem hægt er að rekja
- Sjálfbær þróun
- Það fiskast best á markmiðum
- Hið Íslenska Sjávarnet
- Fiskeldi í fjörðum
- Framleiða fóður fyrir búfé úr fiskúrgangi
- 5-landið Ísland
- Lýsi í Kína
- Þróun á fullvinnslu sæbjúgnaafurða og aukin nýting
- Vinnsla og sala á fisk sundmögum sem hágæða vöru á markað í Kína
- Bolla, bolla, fiskibolla



## Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Þriðja ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík dagana 8.-9. nóvember. Ráðstefnan bar heitið **Horft til framtíðar**. Samtals voru skráðir þátttakendur um 400 en tæplega 400 manns mættu á ráðstefnustað.

## Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Kristján Hjaltason formaður, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Anna Kristín Daniélsdóttir, Finnbogi Alfreðsson, Hjörtur Gíslason og Lúðvík Börkur Jónsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusölum.

## Dagskrá ráðstefnunnar

Fyrir hádegi á fimmtudeginum voru allir þátttakendur í einum sal og eftirfarandi erindi flutt:

- Setning utanríkisráðherra
- Yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg 2012 og heimsafla
- Um hugsanleg áhrif breyttra umhverfisskilyrða á næstu áratugum á framboð af fiski frá Íslandi
- Sjávarþorpið 2030
- Afhending framúrstefnuverðlaunanna „Svifaldan 2012“

Eftir hádegi á fimmtudeginum var skipt yfir í tvo ráðstefnusali og var eftirfarandi efni tekið fyrir:

- Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf?
- Framtíðartækifæri í fiskeldi
- Allt hráefni á land?
- Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?
- Heimsframboð helstu botnfisktegunda
- Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi

Lok ráðstefnunnar var síðan í sameiginlegri málstofu á föstudeginum undir heitinu Opportunities for the seafood industry of Iceland in the EU, now or as member.

## Móttaka hjá Marel

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Arion banki til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Borgartúni 19 í Reykjavík.

## Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012 voru samtals 19 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012 voru; Arion banki, Icelandair cargo, Samhentir, Tryggingamiðstöðin, Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: AKVA group, Deloitte, Einhamar, Eskja, Frostfiskur, Fiskvinnslan Kambur, Guðmundur Runólfsson, Hólmadrangur, Íslandssaga, Klofningur, Matís, Rannsóknþjónustan Sýni og Stormur seafood.



Hluti þátttakenda á Sjávarútvegsráðstefnunni.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. fremri röð frá vinstri; Inga Jóna Friðgeirsdóttir, Kristján Hjaltason formaður og Anna Kristín Daniélsdóttir. Aftari röð frá vinstri; Hjörtur Gíslason, Lúðvík Börkur Jónsson og Finnbogi Alfreðsson.



Nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum. Fremri röð frá vinstri; Sigmar Örn Hilmarsson, Sigurður Steinn Einarsson, Andri Fannar Gíslason og Orri Filippussonn. Aftari röð frá vinstri; Björn Ingason, Böðvar Már Styrmisson, Fannar Freyr Magnússon og Kristján Sindri Gunnarsson.

## Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Ykkar framlag gaf okkur tækifæri á því að halda þátttökugjaldi á Sjávarútvegsráðstefnunni 2012 í hófi. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, fundastjórum/málstofustjórum og öðrum sem aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2012, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: [www.sjavarutvegsradstefnan.is/](http://www.sjavarutvegsradstefnan.is/)



Utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson og aðrir ráðstefnugestir í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík.



Málstofan Íslenskur sjávarútvegur. Frá vinstri: Kristján Hjaltason, Sveinn Margeirsson, Jóhann Sigurjónsson, Anna Karlsdóttir og Hjálmar Sigþórsson.



Málstofan Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf? Frá vinstri: Terje E. Martinussen, Brynja Hauksdóttir, Guðmundur Kristjánsson og Guðný Káradóttir.



Málstofan Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi. Frá vinstri: Andrew Mallison, Teitur Gylfason, Þorsteinn Sigurðsson og Grímur Valdimarsson.



Hádegisverður á Grand Hótel Reykjavík. Fremstir frá vinstri: Þorvaldur Þóroddsson og Jón Þrándur Stefánsson.

## Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012





# Sjávarútvegsráðstefnan 2011

## Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Önnur ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík dagana 13.-14. október. Ráðstefnan bar heitið **Frá tækifærum til tekjusköpunar**. Samtals voru skráðir þátttakendur 320 en tæplega 300 manns mættu á ráðstefnustað.

## Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinnsson, Hjörtur Gíslason, Kristján Hjaltason og Sjöfn Sigurgísladóttir. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusal.

## Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðstækifæri í Evrópu
- Sóknarfæri í veiðitækni
- Markaðssvæði framtíðarinnar
- Vöruþróun
- Sjávarútvegur og fjölmiðlar
- Tækifæri erlendis
- Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur
- Sjávarklasinn á Íslandi
- Samantekt, pallborðsumræður og verðlaunaafhending

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Marel til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Austurhrauni 9 í Garðabæ.

## Móttaka hjá Marel

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Marel til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Austurhrauni 9 í Garðabæ.

## Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011 voru samtals 23 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; Íslandsbanki, Brim og Tryggingamiðstöðin. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Deloitte, FISK seafood, Icelandair cargo, Íslenskar sjávarafurðir, Ísfélag Vestmanneyja, Íslandsstofa, KG fiskverkun, Landsbankinn, Marel, Maritech, Matís, MSC, Navis, Ný-Fiskur, Plastprent, Samtök fiskvinnslustöðva, Samskip, Trackwell Vísir og Þorbjörn.



Hluti þátttakenda á Sjávarútvegsráðstefnunni.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. frá vinstri; Hjörtur Gíslason, Guðbrandur Sigurðsson formaður, Sjöfn Sigurgísladóttir, Kristján Hjaltason, Halldór Þórarinnsson og Halldór Ármannsson á sér mynd.



Málstofan Tækifæri erlendis. Frá vinstri: Helgi Anton Eiríksson, Magnús Gústafsson, Elín Björk Ragnarsdóttir og Bjartmar Pétursson.

## Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011





Your Global Seafood Partner in Iceland



[www.is.is](http://www.is.is)

A close-up photograph of a person wearing an orange raincoat and blue gloves holding a white plastic container. Inside the container, a fish is being held. The background is a blurred view of the sea.

**ROTEX**<sup>TM</sup>  
ON BOARD SOLUTIONS

EIGUM VIÐ AÐ RÆÐA ÞETTA

The logo for 3X Technology, featuring the letters '3X' in a bold, white font inside a dark blue square, with the word 'TECHNOLOGY' in a smaller, dark blue font below it.

3X Technology ehf - [www.3x.is](http://www.3x.is) - [sales@3xtechnology.com](mailto:sales@3xtechnology.com) - Sími: 450 5000



# SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2010

## Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Fyrsta ráðstefna Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík, mánudaginn 6. september og þriðjudaginn 7. september. Heiti ráðstefnunnar var **Hafsjór tækifæra**. Ráðstefnan var vel sótt og skráðu sig 314 manns en þátttakendur voru flestir um 250 í ráðstefnusal fyrir hádegi á mánudeginum.

## Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinnsson, Hjörtur Gíslason, Sjöfn Sigurgísladóttir og Svavar Svavarsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað.

## Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðsmál og vörubrúun
- Vörumerkið Ísland
- Tækifæri til verðmætasköpunar
- Umhverfismerkingar
- Ferðaþjónusta og sjávarútvegur
- Samantekt og umræður

Í lok erinda á mánudeginum bauð HB Grandi til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Norðurgarði, en þar mætti stór hluti ráðstefnugesta.

## Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru samtals 26 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; HB Grandi, Landsbankinn og Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Faxaflóahafnir, Fiskmarkaður Íslands, Fjarðarnet, Fram Foods, Hafnarfjarðarhöfn, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Landsamband smábátaeigenda, Lýsi, Íslandsbanki, Marel, Maritech, Matís, Oddi, Plastprent, Reiknistofa fiskmarkaða, Samhentir Kassagerð, Síldarvinnslan, Skinney – Þinganes, Smyril Blue Water, Vélasalan, Vinnslustöðin og Ögurvík.



Séð yfir Gullteig, ráðstefnusal Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf., Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins á sér mynd og frá vinstri; Sjöfn Sigurgísladóttir, Hjörtur Gíslason, Halldór Þórarinnsson, Svavar Svavarsson og Halldór Ármannsson.




Þátttakendur í panel frá vinstri; Erla Kristinsdóttir, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Eggert B. Guðmundsson, Friðrik Pálsson og Helga Víðarsdóttir.

## Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010



# Hágæða framleiðslubúnaður fyrir súrefni, óson og köfnunarefni



Framleiddu það á staðnum eftir þínum þörfum!

- Enginn flutningskostnaður
- Engin leiga
- Engar birgðir
- Lítil rekstrarkostnaður



**Sala – Þjónusta – Ráðgjöf**



Gaia ehf. | Sími: 499-0790 | [www.gaia-ehf.is](http://www.gaia-ehf.is) | [gaia@gaia-ehf.is](mailto:gaia@gaia-ehf.is)

...lausnin liggur í loftinu

## Verðmæti verða til með nýsköpun

Landsbankinn er í fararbroddi þegar kemur að fjármögnun nýrra verkefna sem stuðla að framþróun í sjávarútvegi. Við styðjum frekari vöxt og fleiri verkefni sem renna styrkari stoðum undir atvinnulífð.





# Ferskleikinn er kapphlaup við tímann!

Temprukassarnir gefa þér meiri tíma, ferskari vöru og hærra afurðaverð.




Temprukassinn er þannig hannaður að hann viðheldur ferskleika matvötu 2-3 dögum lengur en sambærilegar umbúðir.

Promens Tempra hefur í samráði við Matís hannað nýjan kassa til útflutnings á ferskum fiski. Rannsóknir sýna að með því að þykkja hornin á kassanum mun fiskurinn viðhalda ferskleika sínum 2-3 dögum lengur en mögulegt er þegar um kassa með hefðbundinni hönnun er að ræða og geymsluþolið eykst um 1-2 daga (Björn Margeirsson o.fl., 2010). Hér er miðað við dæmigerðar hitasveiflur í land- og flugflutningi frá Íslandi til Evrópu.

Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskur til neytenda um allan heim.

**tempra**  
eps einangrun



  
**PROMENS**  
www.promens.is/tempra

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Gæði og ferskleiki hráfnisins er lykilatriði  
í góðri máltíð. Það er gæfa okkar að vera  
umlukin fengsælum miðum og stolt okkar  
að ganga um þau með ábyrgum hætti.  
Okkur og komandi kynslóðum til góðs.

[www.ResponsibleFisheries.is](http://www.ResponsibleFisheries.is)







# Umbúðir sem auka aflaverðmæti

Oddi hefur gegnum tíðina unnið með íslenskum fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð að því að þróa lausnir sem svara gæðakröfum viðskiptavina um allan heim. Við framleiðum umbúðir sem ná utan um alla framleiðslu og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja.

**Afurðir þínar eru í öruggum höndum hjá Odda.**